



**Heit og ljúffeng**

**PIZZA**

HAMRABORG  
Hafnarstræti 7 · Sími 456 3166

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu  
• Lánsútsókn á netinu

**Íbúðalán.is**  
www.ibudalan.is

Afgreiðsla  
Landsbankans  
í Neista er opin  
fimmtudaga og  
föstudaga  
frá kl. 16-18  
Sími 410 8119

Landsbankinn  
Sími 410 4156  
Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**

**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 6. júlí 2005 · 27. tbl. · 22. árg.



## Fullkomið geymsluhúsnæði formlega tekið í notkun hjá Byggðasafni Vestfjarða

Nýtt og afar fullkomið húsnæði Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað var tekið í notkun á laugardag þegar opnuð var í húsinu sýningin „Af norskum rótum“. Sýningin fjallar um gömul timburhús í

Noregi og á Íslandi og er sett upp á Ísafirði í tenglum við norska sendiráðið hér á landi. „Það mætti fullt af fólki og ég heyrði ekki annað en að allir væru hæstánægðir með nýja húsið sem byrjað var á

fyrir þremur árum síðan“, segir Jón Sigurpálsson safnvörður á Byggðasafninu. Nýja húsið verður opið gestum meðan sýningin stendur uppi, eða til 17. júlí. Þá verður húsinu lokað og það notað til geymslu á

munum safnsins.

Síðar um daginn var opnuð listsýning safnvarða í Turnhúsinu. Á sýningunni eru verk safnvarða um allt land og á Jón Sigurpálsson meðal annarra verk á sýningunni. „Það

var almenn ánægja með sýninguna. Það mætti enginn hinna listamannanna á opnunina, enda eru miklar annir hjá okkur safnvörðum á þessum tíma“, sagði Jón Sigurpálsson. – *halfdan@bb.is*

### Húsaleiga í íbúðum aldraðra á Hlíf 1 á Ísafirði

## Hækkar um 26,5% á árinu þrátt fyrir mótmæli Félags eldri borgara

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að húsaleiga í íbúðum aldraðra á Hlíf 1 hækki um 12,5% þann 1. júlí þrátt fyrir mótmæli Félags eldri borgara á Ísafirði. Þetta kom fram í bréfi hans til bæjarráðs eftir viðræður við félagið á dögunum. Forsaga málsins er sú að

samkvæmt fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar hækkaði húsaleiga í íbúðunum um 12,5% þann 1. febrúar og fyrirhuguð er 12,5% hækkun þann 1. júlí eins og áður sagði og mun því húsaleigan að óbreyttu hækka um rúm 26,5% á árinu.

Félag eldri borgara sendi bænnum bréf fyrir skömmu. Í því kemur fram að talið er að

þriðjungur allra líffeyrisþega í landinu búi við kjör sem séu í kringum fátæktarmörk og að á síðustu árum hafi stöðugt breikkað bilið milli svokallaðra lægstu launa og þeirra greiðslna sem ellilífeyrisþegar fá. Því telur stjórn félags eldri borgara það skyldu sína að berjast gegn öllum hækkunum á gjöldum aldraðra þar til kjör

þeirra lagast.

Var bæjarstjóra falið að ræða við fulltrúa félagsins. Í bréfi bæjarstjóra til bæjarráðs kemur fram að formaður félags eldri borgara geri ekki athugasemd við húsaleiguna sem slíka og samamburð við önnur sveitarfélög heldur að hækkunin á árinu væri mikil á stuttum tíma. Þá kom fram að leig-

an standi í dag ekki undir rekstrarkostnaði þrátt fyrir lagaákvæði um að það eigi hún að gera. Segir að Ísafjarðarbær hafi greitt um 5 milljónir króna með rekstri íbúða á Hlíf á ári og að sú upphæð lækki aðeins í 3 milljónir króna á ári eftir fyrirhugaða hækkun leigunnar.

– *hj@bb.is*

**úrval**

**Samkaup**

**OPIÐ:**  
virka daga  
kl. 09 - 21  
laugard. 10-21  
sunnud.  
kl. 12 - 21  
Verið  
velkomin!

Samkaup úrval

**NEISTA**  
HAFNARSTRÆTI 9-13  
SÍMI 456 5460

**EIMSKIP er...**

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tenglaneti. Eimskip séhæfir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubréfingum og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröllum þeirra. Hæð er sameiginlegur matnaður bæði starfsmanna og hléggjafna að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

**EIMSKIP**

Hönguflöt 2 · 104 Reykjavík · Sími 525 1000 · Fax 525 1006 · www.eimskip.is



## Konráð Eggertsson hrefnuskytta og menn hans bíða betra veðurs

# „Þessi drengur hefur haft í frammí alveg ótrúlegan atvinnuróg á hendur okkur“

Konráð Eggertsson hrefnuskytta og menn hans bíða nú betra veðurs til þess að geta haldið til hrefnuveiða en sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út heimild til veiða á 39 hrefnum á þessu ári í vísindaskyni. Er þetta þriðja árið sem veiðar eru leyfðar í vísindaskyni. Árið 2003 hófust veiðar að nýju og var þá leyft að veiða 36 dýr en í fyrra voru leyfðar veiðar á 25 dýrum. Veiðarnar eru í samræmi við stofnsamning Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins lýsir Ásbjörn Björgvinsson formaður hvala-

skoðunarsamtaka á Íslandi yfir vonbrigðum sínum með fyrirhugaðar veiðar og segir vísindaleg rök fyrir veiðunum skipta litlu máli. Einnig hefur því verið haldið fram að illa hafi gengið að selja kjötið af þeim hrefnum sem veiðdar hafa verið á undanföllum tveimur árum.

Konráð Eggertsson formaður félags hrefnuveiðimanna segist mjög ánægður með að geta nú haldið til veiða. Hann hefur þó ekki komist ennþá þar sem ekki viðrar til veiðanna. Hann segist því bíða betra veðurs. Aðspurður um ummæli formanns hvalaskoð-

unarsamtaka á Íslandi segir Konráð þau sorgleg. „Þessi drengur hefur haft í frammí alveg ótrúlegan atvinnuróg á hendur okkur hrefnuveiðimönnum. Við erum nú seinþreyttir til vandræða en það eru takmörk fyrir öllu. Menn sem sífellt sitja undir slíkum rögi hljóta á endanum að leita réttar síns. Aðspurður um hvort mikið sé ennþá óselt af kjöti segir Konráð svo ekki vera. „Það urðu ákveðin mistök við markaðssetninguna við söluina fyrir tveimur árum en þá var salan ekki á okkar vegum. Í fyrra sáu hrefnuveiðimenn sjálfir um markaðsset-

inguna og eftir því sem ég kemst næst er ekkert óselt af því sem þá veiddist“ segir Konráð.

„Það er auðvitað leiðigjarn til lengdar að svara vitleysunni úr einstökum mönnum í ferðaþjónustunni. Þegar veiðarnar hófust fyrir tveimur árum var engu líkara en að ferðaþjónusta á Íslandi myndi leggjast af. Staðreyndirnar tala sínu máli. Ferðaþjónustan hefur aldrei staðið sterkari að vígi og þrátt fyrir mikla leit hefur ekki tekist að benda á neitt sem aflaga hefur farið í þeim iðnaði af völdum veiða okkar“ segir Konráð.

– hj@bb.is



Konráð Eggertsson.

## Fyrsti áfangi nýs vegar innst í Ísafjarðardjúpi

# Líklega boðinn út innan tíðar

Líkur eru á því að fyrsti áfangi nýs vegar milli Eyrarfjalls í Ísafirði og Hörtnáar í Mjóafirði verði boðinn út seint í sumar. Um er að ræða stuttan kafla við Svansvík í Ísafirði, um 3,6 kílómetra að lengd. Vegkaflinn er ekki samtengdur bundnu slitlagi í Ísafirði sem nær að rötum leiðarinnar upp á Eyrarfjall. Kristján Kristjánsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði samsinnir því að verkið verði að líkindum boðið út fljótlega. „Um er að ræða kafla þar

sem hafa verið vandræði með burðarþol á veturna þegar þungaflokkar eru á veginum“, segir Kristján. „Verklok verða að líkindum rúmlega ári eftir útboð og það má reikna með því að bundið slitlag verði sett á veginn ekki síðar en í september á næsta ári.“ Aðspurður um framhald framkvæmda um Vatnsfjörð og Reykjafjörð og væntanlega þverun Mjóafjarðar vildi Kristján lítið segja.

Eins og kunnugt er hefur nú verið lagt bundið slitlag á veg-

inn um Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi og er leiðin milli Bolungarvíkur og Hörtnáar innan við Látra í Mjóafirði því öll lögð bundnu slitlagi. Eftir á að setja efra lag klæðningar á veginn í Skötufirði og ganga frá nokkrum lausum endum, en verkið mun vera á síðustu metrunum. Eins og margsagt hefur verið frá áttu verklok að vera í nóvember á síðasta ári, en af ýmsum ástæðum gengu framkvæmdir hægar en áætlað hafði verið. – halfdan@bb.is

# Fornfrægt hús hverfur

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar hófu á þriðjudag handa við að rífa húsið við Mjósund 2 á Ísafirði. Húsið þarf að hverfa þar sem það er fyrir breytingum sem fyrirhugaðar eru við gatnamót Aðalstrætis og Pollgötu. Húsið var upphaflega reist á Torfnesi og hýsti þá bensinstöð Esso auk leigubílastöðvar og vörubílastöðvar. Hét húsið þá Esso-Nesti og var helsti viðkomustaður bæjarbúa í mörg ár, sérstaklega þeirra af yngri kynslóðinni. Var þar rekin myndarleg sjoppa með öllu tilheyrandi. Þegar byggingaframkvæmdir hófust við nýtt sjúkrahús á Ísafirði á áttunda áratug síðustu aldar varð húsið að víkja og var



Vinnuvél leggur til atlögu við húsið.

Þá flutt á núverandi stað. Par hýsti það áfram leigubílastöð en síðasta

árið var handverksfólk með aðsetur í húsinu. – hj@bb.is

# Fæstir íbúar að baki hverri íbúð á Vestfjörðum

Íbúar að baki hverri íbúð í árslok 2004 voru fæstir á Vestfjörðum ef marka má nýjar tölur frá Fasteignamatí ríkisins. Í lok síðasta árs voru 3.392 íbúðir á Vestfjörðum og á sama tíma voru íbúar fjórðungsins 7.698 talsins. Er því einungis 2,27 íbúar að baki hverri íbúð í landshlutanum.

Af einstökum sveitarfélögum í fjórðungnum má nefna

að fæstir íbúar að baki hverri íbúð voru í Broddaneshreppi eða 1,51. Flestir voru þeir hins vegar á Tálknafirði eða 2,79. Á Ísafirði voru íbúarnir 2,42, í Bolungarvík 2,41, í Vesturbyggð voru þeir 1,85, í Reykhólahreppi voru þeir 1,81, í Súðavík 2,18, í Arneshreppi 1,90, í Kaldrananeshreppi 1,83, í Bæjarhreppi 2,10 og á Hólmavík 2,36.

Á landinu öllu voru íbúarnir 2,56 talsins að meðaltali á hverja íbúð. Flestir voru íbúarnir að baki hverri íbúð á Reykjanesi eða 2,79 talsins. Af einstökum sveitarfélögum má nefna að flestir íbúar á landinu öllu voru þeir að baki hverri íbúð í Fljótaldalshreppi eða 6,37 talsins. Fæstir voru þeir hins vegar í Broddaneshreppi eða 1,51. – hj@bb.is

# Ekkert um skriðuföll þrátt fyrir mikið úrhelli

Þrátt fyrir úrhellisrigningu á norðanverðum Vestfjörðum seinni partinn á mánudag og þá um kvöldið þurftu vegagerðarstarfsmenn á Ísafirði lítið um ekkert að moka af vegum, en oft fylgja skrið-

ur úrhelli sem þessu. Aðspurður segir Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Ísafirði, að engar skriður hafi fallið á vegi í umdæminu að þessu sinni. „Við sluppum mjög vel, þurft-

um bara að taka nokkra steina af Kirkjubólshlíð. Sá stærsti var um hálf tonn“, segir Geir. „Ekkert þurfti að taka af Súðavíkurhlíð eða Óshlíð.“

– halfdan@bb.is



# Aldarfjórðungur frá fyrsta ættarmótinu

Góstaðaaættin, niðjar Guðríðar Magnúsdóttur og Sveins Guðmundssonar, kom saman á Góstaðum í Skutulsfirði um helgina. Samtals voru 160 manns á mótinu sem hófst á föstudag. Þá var farið í gönguferð frá Flæðareyri til Grunnarvíkur og tóku um 70 manns þátt í göngunni í mjög góðu veðri. Á laugardag var snæddur saman kvöldverður, farið í leiki og dansað við undirspil Góubandsins. Góstaðaaættin kemur saman á fimm ára fresti og í ár voru 25 ár liðin frá því að fyrsta mótið var haldið.

– thelma@bb.is



**Eliás Jónatansson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur**

# Segir minnihluta bæjarstjórnar vinna að lægra fasteignaverði

Eliás Jónatansson forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur segir það stríða gegn hagsmunum bæjarbúa að bæjar-yfirvöld hafi forystu um að lækka fasteignaverð með því að undirbjóða verulega markaðinn. Þetta kemur fram í bókun sem hann lagði fram á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku. Forsaga málsins er sú að bæjararráð Bolungarvíkur hafnaði á dögnum kauptilboði í fasteign í eigu bæjarins og vísaði öðru til húsnæðisnefndar til umfjöllunar. Bæjarfulltrúi minnihlutans taldi hins vegar að þegar tilboð berast í húsnæðisbæjarins sé mikilvægt að ná samningum vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Í bókun sem Soffía Vagnsdóttir lagði fram á sínum tíma kom fram að selji bærinn eign sem hefur áhvílandi lán sem eru

hærri en söliverð hennar fái bærinn greiddan 90% af þeim mismuni sem er á milli sölumverðs og áhvílandi lána frá Varasjóði íbúðarlána.

Þegar umrædd fundargerð bæjarráðs kom til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku lagði Eliás fram bókun þar sem segir m.a.: „Sú fullyrðing að ef bærinn selur eign þar sem áhvílandi lán eru hærri en söliverð, þá fáiast 90% af mismuninum greiddur frá Varasjóði húsnæðismála er vægast sagt afar villandi, því eingöngu er hægt að fá framlag frá Varasjóði til greiðslu 90% mismunar á söliverði og áhvílandi lánnum íbúðalánasjóðs. Önnur lán sem tilheyra eigninni en eru með ábyrgð bæjarsjóðs, verður húsnæðiskerfið (bæjarsjóður) að taka á sig að fullu. Slík lán hafa kom-



Bolungarvík.



Marsibil sýnir nú í fyrsta sinn á Ísafirði.

## Marsibil sýnir á Langa Manga

Listakonan Marsibil G. Kristjánsdóttir opnaði sýningu á verkum sínum á kaffihúsinu Langa Manga á föstudag. „Opnunin gekk mjög vel og alveg frábært hvað fólk tók vel á móti mér sem listamanni“,

segir Marsibil. Þetta er fyrsta sýning hennar á Ísafirði. Hefur hún sýnt verk sín á Búldal, Þingeyri og í Kaupmannahöfn. Sýningin mun standa út júlímánuð. — thelma@bb.is



Eitt verkanna á sýningunni.

ið til m.a. af því að lánnum íbúðalánasjóðs hefur verið haldið í skilum með framlögum úr bæjarsjóði. Þar er um verulegar fjárhæðir á hverja eign að ræða. Lauslega framreiknað nemur sú upphæð sem bæjarsjóður hefur þannig greitt með húsnæðiskerfinu 180 mkr. Sú skuld húsnæðiskerfisins við bæjarsjóð lækkar ekkert við sölu eigna, sé söliverð undir því sem hvílir á viðkomandi eign hjá íbúðalánasjóði.“

Þá segir í bókuninni að þau lán sem eru umfram lán íbúða-

lánasjóðs séu í öllum tilfellum á hærri vöxtum, jafnvel 5-6 sinnum hærri. Því lækki vaxta-byrði húsnæðiskerfisins tiltullega lítið þegar söliverð er undir áhvílandi lánnum íbúðalánasjóðs.

Þá segir í bókun Eliásar: „Þetta þýðir, með öðrum orðum, að hagsmunir bæjarsjóðs felast í því að ná sem hæstu verði fyrir eignirnar. Það stríðir gegn hagsmunum bæjarbúa að bæjaryfirvöld hafi forystu um að lækka markaðsverð fasteigna með því að undirbjóða verulega markaðinn sem

hefur tekið vel við sér síðustu vikurnar.“

Soffía Vagnsdóttir lagði í kjölfarið fram svohljóðandi bókun: „Mér er að sjálfsögðu full ljóst að aðeins er um endurgreiðslu úr Varasjóði íbúðalána að ræða ef áhvílandi lán á eign eru hjá íbúðalánasjóði. Því þarf að leggja fram veðbókavottorð til að átta sig á lánasamsetningu á Völusteinstræti 17 og yfirhöfuð ef eign er seld. Þá vísa ég á bug þeim fullyrðingum að ég sé að hafa áhrif á myndun fasteignaverðs til lækkunar. Að öðru leyti vísa

ég í fyrri bókun mína“.

Eliás lagði síðan fram svohljóðandi tillögu: „Bæjarstjórn Bolungarvíkur gerir ekki athugasemdir við að húsnæðisnefnd geri gagntilboð í eignir skv. því sem nefndin telur ásettanlegt verð, fyrir bæjarsjóð. Eftir að kaupandi og fulltrúi bæjarstjórnar hafa náð samkomulagi um verð þarf þó ávallt að staðfesta kaupsamning af bæjarstjórn.“

Tillagan var samþykkt af bæjarstjórn með fimm samhljóða atkvæðum en tveir bæjarfulltrúar sátu hjá. — hj@bb.is

## Sektaður fyrir að láta ekki lénið playstation2.is af hendi

Samkeppnisráð hefur sektað Hauk Vagnsson í Bolungarvík um 300 þúsund krónur fyrir að brjóta gegn ákvörðun ráðsins með því að láta ekki afskrá lénið playstation2.is. Er Hauki gert að greiða sektina innan þriggja mánaða. Forsaga málsins er sú að þann 18. febrúar úrskurðaði ráðið um

kvörtun Sony Computer Entertainment Europe Limited vegna notkunar Hauks á umræddu léni. Var honum bönnuð öll notkun lénsins og honum gert að afskrá það innan tveggja vikna frá úrskurðinum. Jafnframt var tekið fram að yrði ekki farið að banninu yrði viðurlögum beitt.

Haukur, sem þá bjó í Þýska-

landi, staðfesti móttöku ákvörðunarinnar í tölvupósti þann 1. mars og áfrýjaði honum ekki til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. 6. maí sendi Samkeppnisstofnun Hauki bréf þar sem honum var gefinn viku frestur til þess að fara að ákvörðuninni. Hann svaraði stofnuninni samdægurs þar sem hann tilkynnti að hann

muni ekki fara að niðurstöðunni og segir ekkert réttlæti í ákvörðun ráðsins. Hann sé því tilbúinn til að mæta Samkeppnisstofnun í dómssal.

Í DV í síðustu viku var birt frétt um Hauk og fyrirteki hans vefhotel. com þar sem kvartað var undan þjónustu þess.

— hj@bb.is





# Vel heppnaður markaðsdagur í Bolungarvík

Hinn árlegi markaðsdagur var haldinn í Bolungarvík á laugardag. Dagskráin hefur orðið viðameiri með hverju árinu og nú teygði hún sig yfir helgina alla. Á föstudagskvöld var risagrill í gryfjunni við Hreggnasa þar sem systurnar Soffía og Pálína Vagnsdætur leiddu fjöldsöng við varðeld. Töluverður fjöldi fólks safnaðist þar saman og skemmti sér við söng.

Á laugardag var haldinn hinn eiginlegi markaðsdagur þar sem gestir gátu keypt og selt allt milli himins og jarðar. Að auki var fjölbreytt skemmtidagskrá með ýmsum landsþekktum skemmtikröftum. Þórður Vagnsson, sem sá um undirbúning hátíðarinnar ásamt Hauki bróður sínum, segir hátíðarhöldin hafa tekist mjög vel. „Við vorum eilítið stressuð vegna veðursins en það fór mjög vel. Það var fjölmenni við alla dagskrárliði hátíðarinnar og því getum við ekki annað en verið ánægðir. Það eru allir sammála um að þessi viðamikla dagskrá hafi tekist mjög vel og vonandi verður þetta þriggja daga hátíð í framtíðinni“, segir Þórður. Meðfylgjandi myndir frá markaðsdögunum tóku Sigurjón J. Sigurðsson og Þorsteinn J. Tómasson. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is.







Gromsasar héldu kvöldvöku utandyra á föstudagskvöldið enda veður með ágætum.

## Gromsasar héldu fjölmennt ættarmót í Reykjanesi

Afkomendur Hálfðanar Örnólfssonar og konu hans Guðrúnar Halldóru Nielsdóttur í Bolungarvík héldu ættarmót í Reykjanesi um helgina. Hálfðan var fæddur árið 1855 og Guðrún árið 1853. Afkomendur þeirra eru fjölmargir og eru jafnan kallaðir Gromsasar. Hittust þeir nú í þriðja sinn en fyrsta mótið var haldið fyrir 10 árum í Sælingsdal. Á mótið nú komu um 300 manns og þrátt fyrir mikinn fjölda gekk mótið vel enda veður gott í Reykjanesi miðað við annars staðar á landinu. Á föstudagskvöld var kveikt í varðeld og á laugardag var margvísleg dagskrá og matur og kvöldvaka um kvöldið. Sameiginlegur kvöldverður var síðan á laugardagskvöldið þar sem veislustjórar voru Jens Kristmannsson og Hálfðán Bjarki Hálfðansson á Ísafirði.

– hj@bb.is



Jens Kristmannsson talar til ættingja sinna.

## Töluverður verðmunur á tjaldsvæðum á Vestfjörðum

Töluverður verðmunur er á milli tjaldsvæða á Vestfjörðum. Þetta kemur fram í nýrri könnun verðlagseftirlits Alþýðusambands Íslands á tjaldsvæðum um land allt. Ódýrast er að gista á tjaldsvæðinu á Patreksfirði en þar er ekkert gjald innheimt. Gisting

tveggja fullorðinna með tvö börn í tjaldi í tvær nætur á tjaldsvæðinu við Grettislaug á Reykhólum kostar 1.200 krónur.

Á tjaldsvæðinu í Tungudal í Skutulsfirði kostar slík dvöl 1.600 krónur, á tjaldsvæðinu við Menntaskólann á Ísafirði

kostar dvölin 1.900 krónur, í Reykjanesi kostar dvölin 2.000 krónur eins og í Flókalundi í Vatsfirði. Algeng verð á öðrum stöðum á landinu er á bilinu 2-3.000 krónur fyrir slíka gistingu og eru tjaldsvæði á Vestfjörðum því í lægri kantinum í verðlagningu.

Í könnuninni er einungis gerður samanburður á verði fyrir gistingu á tjaldsvæðunum en ekki borin saman sú þjónusta sem boðið er upp á við svæðin. Ekki var heldur um tæmandi lista tjaldsvæða á landinu að ræða.

– hj@bb.is

## Fjölbreytt dagskrá á Sæluhelgi á Suðureyri

Hin árlega Sæluhelgi á Suðureyri hefst annað kvöld, fimmtudagskvöld með frumsýningu Hallvarðar Súganda á leikritinu Ronju ræningjadóttur. Því næst heldur unglingshljómsveitin Appollo tónleika í Þurrkveri. Tónleikagestum verður boðið upp á grillaðar steinbitskinnar. Á laugardag verður fara börn 11 ára og yngri í fjallgöngu á Skothól. Fjölskylduhátíð verður haldin í Þurrkveri og verður mikið um að vera að vanda. Þá er komið að hinna árlegu

mansakeppni fyrir börn 12 ára og yngri en mörgum þykir hún hápunktur Sæluhelgarinnar.

Þá verður kappróður á Lóninu þar sem keppt verður um hinn eftirsóttá Vestfjarðabikar. Barnadansleikur verður haldinn í félagsheimilinu á Suðureyri um kvöldið og unglingar 13-17 ára fara í óvissuferð. Kvöldinu lýkur síðan með dansleik í félagsheimilinu þar sem hljómsveitin Delta-44 spilar fram undir morgun. Á sunnudag verður sæluhátíð á „Kambinum“ við Þurrkver þar

sem hver skemmtunin rekur aðra. Þar verður markaðstorg og keppt í kleinubakstri, húsmæðrafótbolta og söng auk þess leiktæki verða á staðnum. Þá verður „sæluslútt“ með viðeigandi elddansi.

Verðlaun verða veitt fyrir allar keppnisgreinar og eru þau gefin af útgerðum og öðrum Mansavinum á Suðureyri. Merki Sæluhelgarinnar verður selt á 1.000 krónur og veitir aðgang að öllu nema dansleiknum á laugardagskvöld og leiksýningum. – thelma@bb.is



Frá mansakeppni Sæluhelgarinnar í fyrra. Mynd: Páll Öundurson.

## Múm heimsækir Galtarvita

Galtarviti í Keflavík við Súgandafjörð hefur verið vinsæll áningarstaður hjá listamönnum og ferðamönnum undanfarið ár og verður það að líkindum áfram í sumar. „Nýtingin er svipuð og í fyrrasumar ef ekki aðeins betri. Nánast er fullbókað út ágúst en þar er mestmegnis um langtímaheimsóknir að ræða“, segir Ólafur Jónsson, kvikmyndagerðarmaður frá Ísafirði og einn

eigenda Galtarvita. Tveir hópar dvöldu í Galtarvita í júní. Þá er hljómsveitin Múm væntanleg í þessum mánuði og er það í þriðja sinn sem hún dvelur þar yfir sumartímann. Árið 2001 dvaldi hljómsveitin á Galtarvita nokkrar vikur við að semja og taka upp geisladisk sinn „Loksins erum við engin“. Þá voru hljómsveitarmeðlimir við lagasmíðar þar árið 2003.

– thelma@bb.is



Galtarviti.



Innlegt þakklæti til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinnu við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður

**Helga Geirmundssonar**  
Míötúni 21, Ísafirði

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fjöruungssjúkrahúss Ísafjarðar og deildar 13D á Landsspítalanum við Hringbraut

Erna Magnúsdóttir  
Magnús Geir Helgason Guðrún Dagný Einarsdóttir  
Grétar Helgason Edda Bangon Khiansanthia  
Helgi Helgason  
Brynja Helgadóttir Viðar Örn Sveinbjörnsson  
Ómar Helgason Karen Óladóttir  
Jóhann Birkir Helgason Gabríela Aðalbjörnsdóttir  
barnabörn, barnabarnabarn og systkini



# Ritstjórnargrein

## Vestfirðir – Sumarið 2005

Sumarblað H-prents ehf., *Vestfirðir – Sumarið 2005*, er komið út ellefta sumarið í röð, stærra, efnismeira og fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr af fróðleik um mannlíf og náttúru okkar sérstæða landshluta, sem aðeins um ellefu kílómetra landræma milli Gilsfjarðar að sunnan og Bitrufjarðar að norðan kemur í veg fyrir aðskilnað frá meginlandinu.

Enda þótt þessi stutti landskiki, mun styttri en vegurinn milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, komi í veg fyrir að Vestfirðingar séu eyjaskeggjar, sem margir telja miður, hefur sérstaða þeirra aldrei farið á milli mála. Og vonandi verður svo áfram að ákveðnu marki. Tungutak Vestfirðinga þótti lengi sérstætt, þótt dregið hafi úr á síðari tímum. Margt í fari þeirra þykir minna á hina óbeisludu náttúru þar sem skil sumars og vetrar eru skarpri en víða annars staðar. Eiginleikinn til lífa í sátt við umhverfið og taka því sem að höndum ber af einurð og festu, hefur öðru fremur gagnast Vestfirðingum í gegnum aldir.

En, Vestfirðir - Sumarið 2005 er ekki bara blað með fallegum myndum af stórbrotinni náttúru og fróðlegum og hagkvæmum upplýsingum fyrir ferðamenn. Sumarið 2005 íða Vestfirðir af lífi, hvar sem stigið er niður fæti. Í óbyggðum umvefja þögnin hljóð náttúrunnar förusveininn líkt og fögur hljómhvíða hrifur hugann og nánast á hverju byggðu bóli bíða hans alls kyns menningarviðburðir sumarið út í gegn.

Of langt yrði upp að telja það sem í boði hefur frá Bryggjudögum í Súðavík um miðjan júní, til þess sem eftir lifir af auglýstri dagskrá Vestfjarða sumarið 2005 fram undir lok ágúst mánaðar. Á engan skal hallað þótt freistast sé til að nefna þátt Kómedíuleikhússins, sem alla miðvikudaga og sunnudaga í júlí og ágúst býður upp á leiksýningu á ensku um Gísla Súrsson í Edenborgarhúsinu.

Þjónusta við ferðafólk á Vestfjörðum eykst og batnar með hverju árinu sem líður. Og eins og segir í niðurlagi inngangs ferðablaðs H-prents að þessu sinni: „Sú þjónusta er náttúruvæn eins og framast er kostur enda er óspillt náttúran og geysileg fjölbreytni hennar helsta aðráttarafi Vestfjarða. Engin stóriðja er á Vestfjörðum og mengun af atvinnurekstri minni en í nokkru öðrum landshluta. Í felstum vestfirskum verksmiðjum eru framleidd matvæli úr sjávarafli og Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er vistvænasta iðjuver í heimi, knúð af jarðhita til framleiðslu á mjóli úr ómengduðum gróðri sjávar. Sá sem hefur ekki farið um Vestfirði og skoðað fjölbreytileika þessa landshluta hefur ekki kannað Ísland til neinnar hlítar.

Velkomin vestur!“

s.h.

## Orðrétt af netinu

### Kristin gildi og kristið siðgæði

Þau tíðindi voru að berast frá Bandaríkjunum að einn hæstaréttardómara var að segja af sér. Það þýðir að Georg W. Bush hefur færi á að skipan nýjan dómara. Þetta er afar mikilvægt í ljósi þess að markalínur þjóðfélagsins eru dregnar með afdrifaríkum hætti með dómum hæstaréttar. Tálkun réttarins á lögnum hefur á sumum sviðum meiri áhrif en lagasetningin sjálf.

Mörg hitamál sem hafa lítað allt mannlíf í Bandaríkjunum hefur komið til kasta Hæstaréttar. Þar má nefna frjálshar fóstureyðingar og réttarstaða samkynhneigðra. Væntanlega nær forseti Bandaríkjanna að skipa í sætið sem laust er mann eða konu sem hefur í heiðri kristin gildi og kristið siðgæði.

krossinn.is – Gunnar Þorsteinsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is)

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, [halfdan@bb.is](mailto:halfdan@bb.is) – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is) – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is)

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

## Sparisjóður Vestfirðinga

# Stærstur í útlánum og innlánum á Vestfjörðum

Sparisjóður Vestfirðinga var stærsta bankastofnun fjórðungsins á síðasta ári, bæði hvað útlán og innlán varðar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Fjármálaeftirlitsins um lánastofnanir. Á síðasta ári námu útlán Sparisjóðs Vestfirðinga tæpum 5,6 milljörðum króna. Næstur í röð fjármálaeftirlitsins hvað útlán varðar var Íslandsbanki á Ísafirði með rúma 3,9 milljarða króna, Sparisjóður Bolungar-

víkur var með rúma 2,6 milljarða króna í útlánum og í fjórða sæti var Landsbankinn á Ísafirði með rúma 2,3 milljarða króna. Sparisjóður Húnaþings og Stranda var með rúma 2 milljarða í útlánum, KB-banki á Hólmavík var með rúmar 714 milljónir króna og Sparisjóður Strandamanna var með rúmar 411 milljónir króna í útlánum til sinna viðskiptavina.

Í innlánum var Sparisjóður

Vestfirðinga einnig stærstur innlán þar tæpir 4,3 milljarðar króna. Næst mest voru innlánin í Landsbankanum á Ísafirði eða tæpir 3,5 milljarðar króna, í Sparisjóði Bolungarvíkur voru innlánin rúmir 2,3 milljarðar króna og í Sparisjóði Húnaþings og Stranda voru innlánin rúmir 2 milljarðar króna. Í Íslandsbanka á Ísafirði voru innlánin tæpir 2 milljarðar króna og hjá KB-banka á

Hólmavík voru þau 785 milljónir og í Sparisjóði Strandamanna námu innlán 345 milljónum króna.

Samtals námu því útlán í fjármálaastofnunum á Vestfjörðum rúnum 11,3 milljörðum króna og var hlutur Sparisjóðs Vestfirðinga rétt tæpur helmingur allra útlána. Innlán á Vestfjörðum námu rúnum 9,7 milljörðum króna og var hlutur Sparisjóðs Vestfirðinga rúm 44% af þeirri upphæð.

## Skoðanakönnun Gallup á Íslandi á fylgi stjórnmalaflokkanna

# Samfylkingin stærsti flokkur kjördæmisins

Samfylkingin og Vinstrigrænir stórauka fylgi sitt í Norðvesturkjördæmi samkvæmt könnun Gallup sem kynnt var í síðustu viku. Aðrir flokkar tapa fylgi og Framsóknarflokkurinn mestu. Alls tóku 103 einstaklingar afstöðu í kjördæminu og því má vera að lítið úrtak endurspeglar ekki raunverulegan vilja kjósenda

í kjördæminu.

Samkvæmt könnuninni fær Framsóknarflokkurinn fylgi 11,9% kjósenda en fékk fylgi 21,7% kjósenda í kosningunum árið 2003. Fylgið hefur því dregist saman um rúm 45%. Frjálslyndi flokkurinn fær fylgi 10,6% kjósenda en fékk 14,2% í kosningunum og hefur fylgið því minnkað um

rúm 25%. Sjálfstæðisflokkurinn fær 29% fylgi en fékk áður 29,6% og stendur því nánast í stað. Samfylkingin fengi 32,4% fylgi og er því stærsti flokkur kjördæmisins. Í kosningunum árið 2003 var fylgi flokksins 23,2% og hefur því aukist um tæp 40%. Vinstrigrænir fá 16,1% fylgi en fengu áður 10,6% og hefur fylgi

þeirra aukist um tæp 52%.

Nokkur umræða hefur að undanförunum farið fram innan Framsóknarflokksins hverju megi um kenna lélegt fylgi flokksins. Þess má geta að í sömu könnun kom í ljós að fylgi flokksins í Norðausturkjördæmi lækkaði úr 32,8% í 12,3% eða um rúm 62%.

– [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)



Tíu útskriftarnemar og aðstandendur þeirra, alls um 40 manns, sóttu útskriftarfagnað sem haldinn var í Fræðslumiðstöð Vestfjarða á síðustu viku. Nemendurnir útskrifuðust í vor ýmist frá Háskólanum á Akureyri og frá Kennaraháskóla Íslands. Allir hafa nemendurnir að einhverju leyti fengið aðstoð Fræðslumiðstöðvarinnar við námið og nýtt sér þá aðstöðu sem þar er í boði. Á myndinni er hluti þeirra sem útskrifuðust og voru viðstaddir hófið ásamt Smára Haraldssyni og Brynjari Ingasyni hjá Fræðslumiðstöðinni. Frá vinstri: Helga Jónasdóttir (HA), Víðir Ólafsson (HA), Halldóra Þórðardóttir (HA), Alfréð Erlingsson (HA), Margrét Magnúsdóttir (KHÍ), Stefán T. Sigurðsson (HA), Hrefna R. Magnúsdóttir (KHÍ), Fríða Rúnarsdóttir (KHÍ), Helga S. Snorradóttir (KHÍ) og Margrét Högnadóttir (HA).

– [halfdan@bb.is](mailto:halfdan@bb.is)

# Íbúðir á Vestfjörðum tæplega 3.400

Samkvæmt tölum Fasteignamatís ríkisins voru í árslok 2004 3.392 íbúðir á Vestfjörðum. Flestar þeirra voru í einbýli, alls 2.202 eða um 65% íbúða. Á landinu öllu voru tæp 42% íbúða í einbýli á sama tíma. Í Ísafjarðarbæ voru 1.710 íbúðir, í Vestur-

byggð voru þær 551, í Bolungarvík voru þær 388, á Hólmavík 196 og í Reykhólahreppi 144.

Af þessum 3.392 íbúðum á Vestfjörðum eru aðeins 156 þeirra byggðar á síðustu 15 árum. Flestar íbúðanna eða 540 talsins voru byggðar á

árunum 1976-1980. Síðan þá hefur nýbyggðum íbúðum á Vestfjörðum farið hratt fækkaandi. Á árunum 1981-1985 voru byggðar 309 íbúðir, á árunum 1986-1990 177 íbúðir, frá árunum 1991-1995 eru íbúðirnar 80, frá árunum 1996-2000 eru þær 66 talsins og frá

árunum 2001-2004 eru þær aðeins 12 talsins. Engar íbúðir eru til dæmis frá árunum 2001 og 2003. Íbúðir á Vestfjörðum sem byggðar eru fyrir árið 1900 eru 141 talsins eða svipaður fjöldi og er frá árunum 1991-2000 en frá þeim árum eru á Vestfjörðum 146 íbúðir.

Stjórnsýslukæra á Ólinu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði

# Segir Félags framhalds-skólakennara fara offari

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segir Félag framhaldsskólakennara fara offari í málflutningi sínum í samtali við *Morgunblaðið*, en félagið lagði fyrir stuttu fram stjórnsýslukvörtun fyrir hönd Ingibjargar Ingadóttur, enskukennara við skólann. Kvörtunin beinist að ákvörðun skólameistara um að láta óháðan aðila fara yfir prófaurlausnir Ingibjargar, en formaður Félags framhaldsskólakennara hefur sakað skólameistarann um að leggja Ingibjörgu í einelti með aðgerðum sínum.

Ólína segir málið snúast um gæði skólastarfs og þá skyldu skólameistara að fylgja því eftir að vinnuskil og gæði í skólastarfi séu eins og til er ætlast. „Málið snýst ekki um neitt annað og ég hefði frekar viljað sjá kennarasambandið beita kröftum sínum í eitthvað annað en að hindra þetta. Þetta eru upptöf af litlu tilefni. Málið er í réttum farvegi. Það verður ekki leyst með fúkyrðum í fjölmíðlum,“ segir Ólína og bætir við að hér sé um viðkvæmt starfsmannamál að ræða, sem sé unnið eftir réttum málsmeðferðarreglum.

Hún segir af og frá að verið sé að leggja kennarann í einelti, eins og haldið hafi verið fram. Atök milli Ólínu og Ingibjargar hafa komið upp áður og tengdust þau áminningu sem skólameistari veitti Ingibjörg fyrir á árinu. Ingibjörg höfðaði mál til ógildingar á áminningunni en dómsátt náðist í málinu fyrir Héraðsdómi Vestfjarða í lok apríl sem fól í sér að Ingibjörg ítrekaði fyrri afsökunarbeiðni en áminningin var látin niður falla.

Ólína segir hins vegar að málið sem upp hafi komið núna sé af öðrum toga og teng-

ist prófaskilum í vor. Hún hafi séð ákveðna annmarka á vinnubrögðum kennarans og ákveðið að láta óháðan þriðja aðila fara yfir málið. Kennarinn hafi fengið tækifæri til að koma á framfæri andmælum vegna þeirrar ákvörðunar.

Ragnar H. Hall, lögfræðingur Ingibjargar, sagði að ekki yrði send yfirlýsing eða svar frá þeim um málið fyrir en fengist hefðu svör frá ráðuneytinu. Hann hefði óskað eftir þeim fyrir helgi, en ekki fengið svör þar sem ráðuneytið þurfti tíma til að kynna skólameistarannum þá kvörtun sem var fram-

kominn í málinu. Það hefði hins vegar ekki tekist þar sem skólameistarinn hefði verið fjarverandi. Ragnar sagði málið vel geta farið fyrir dómstóla ef ráðuneytið stöðvaði ekki ferlið.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, sagði að málið væri nú til meðferðar í menntamálaráðuneytinu og að í stjórnsýslukvörtuninni sé farið fram á að ráðuneytið stöðvi málið. Ekki hafi fengist endanleg svör frá ráðuneytinu hvort af því verði en Aðalheiður sagðist eiga von á svörum fljótlega. – *halfdan@bb.is*

## Dræm laxveiði

Á fimmtudagskvöld voru einungis komnir sex laxar á land í Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi. Á sama tíma í fyrra voru komnir á land 29 laxar. Sigurjón Samúelsson veiðivörður segir skýringu minni veiði nú að kalt hafi verið í veðri mestan hluta júnímánaðar en síðan hafi hlýnað verulega þannig að vatn í ánni sé nú í góðu meðallagi.

Hann segir vaxandi straum og telur að veiðin taki kipp á næstu dögum. Þess má geta að 30. júní í fyrra veiddust sjö laxar þannig að ástandið getur verið fljótt að breytast.

Þá voru tveir laxar og tvær bleikjur komnar á land í Langadalsá. Kristján Steindórsson veiðivörður gefur svipaðar skýringar og Sigurjón með Laugardalsá. – *hj@bb.is*



Saltfisksveit Villa Valla með Jóhönnu Þórhallsdóttur söngkonu í broddi fylkingar sá um tónlistarflutning í veislunni.

# „Best heppnaða saltfiskveislan hingað til“

Fyrsta saltfiskveisla sumarsins var haldin í Tjörúhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði á laugardag og tókst að sögn skipuleggjenda með eindæmum vel. „Að öðrum saltfiskveislum ólöstuðum held ég bara að þessi hafi verið sú best heppnaða hingað til“, segir Jón Sigurpálsson safnvörður á Byggðasafni Vestfjarða og einn helsti skipuleggjandi veislunnar. „Það var boðið upp á hreint út sagt frábæra rétti. Kannski var þessi árgangur af saltfiski einstaklega góður, en við notuðum fisk frá því í fyrra. Hann er nú búinn og þurfum við að þurrka meira í snatri“, segir Jón. Þeir leikmenn sem fengu



Fjölmenni var í veislunni sem þótti takast hið besta.

að spreyta sig á saltfisknum að þessu sinni voru Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir vertar í Tjörúhúsinu, Jóna Símonía Bjarnadóttir, Hjalti Þórðarson og Guð-

björg Kristjana Ólafsdóttir, Gerður Eðvarsdóttir og Ingunn Ósk Sturludóttir. „Þá var boðið upp á soðningu frá mér sem var borin fram með hnoðmör úr Vigur“, segir

Jón. Saltfisksveit Villa Valla sá um tónlistarflutning í veislunni og segir Jón að sveitin hafi aldrei verið betri. Næsta saltfiskveisla er áætluð laugardaginn 16. júlí. – *halfdan@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

### STAÐA DEILDARSTJÓRA VIÐ LEIKSKÓLANN BAKKASKJÓL Í HNÍFSDAL

Leikskólinn Bakkaskjól auglýsir lausa stöðu deildarstjóra við leikskólann. Um er að ræða 100% stöðu. Bakkaskjól er einnar deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára.

Nánari upplýsingar veitir Berglind Grétarsdóttir, leikskólastjóri í síma 456 3565, netfang: bakkaskjol@isafjordur.is

### STAÐA LEIKSKÓLAKENNARA OG MATRÁÐS VIÐ LEIKSKÓLANN LAUFÁS Á ÞINGEYRI

Leikskólinn Laufás auglýsir lausa stöðu leikskólakennara. Um er að ræða 100% stöðu. Laufás auglýsir einnig lausa stöðu matrads við leikskólann. Um er að ræða 80% stöðu. Eldað er fyrir leikskólann og grunnskólann. Laufás er einnar deildar leikskóli með börn á aldrinum 1-6 ára.

Nánari upplýsingar veitir Elsa María Thompson, leikskólastjóri í síma 456 8318, netfang: laufas@isafjordur.is

### Vinnubúðir til sölu

Vinnubúðir sem staðsettar eru í Skötufirði eru til sýnis og sölu. Um er að ræða eldhús með svefnaðstöðu, hreinlætisskúr með svefnaðstöðu, samtals fjórar einingar.

Upplýsingar í sínum 565 3140 og 852 1167.

Klæðning ehf.,



# Kjösendur munu ráða fram tíð Frjálslynda flokksins

– segir Sigurjón Þórðarson,  
alþingismaður og Hegranesgoði



Við síðustu kosningar til Alþingis urðu töluverðar breytingar á þingmannaliðinu. Á þing voru kjörnir óvenjumargir nýir þingmenn og sumir þeirra í yngri kantinum í sögulegu ljósi. Sumir þessara nýju þingmanna voru lítt þekktir og sumir þeirra eru það ennþá. Aðrir hafa látið verulega til sín taka, jafnvel svo mjög að ýmsum þykir nóg um. Hvort það er þingmönnum um að kenna eða stjórnun þingsins skal ósagt látið.

Tíundi þingmaður Norðvesturkjördæmis er einn þeirra sem stigu sín fyrstu skref á Alþingi árið 2003. Ekki höfðu margir áhugamenn um stjórnsmál heyrnt hans getið þegar hann tók annað sæti á lista Frjálslynda í kjördæminu. Í kosningabaráttunni tókst honum ásamt hinum fengsæla Guðjóni Arnari Kristjánssyni flokksformanni að ná slíkum árangri, að þegar talið var upp úr atkvæðakössunum var framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra orðinn þingmaður á Alþingi Íslendinga.

Sigurjón Þórðarson hefur töluvert látið til sín taka í þingstörfum. Fljótlega varð ljóst að hann lét ekki vaða yfir sig. Tók vel á og stendur fast á sínum skoðunum og sínum rétti. Svo mjög að Blöndal forseta þótti nóg um.

Þingmaðurinn hefur látið talsvert til sín taka í umræðum um stjórn fiskveiða og ekki síður hefur hann kynnt sér þau vísindi sem liggja að baki tillögum Hafrannsóknastofnunar að leyfilegum heildarafla. Til þess að afla sér sem mestrar þekkingar hefur hann að undanfögnu heimsótt frændur okkar Færeyinga og Skota. Nú nýverið lagði Hafrannsóknastofnun fram tillögur að heildarafla á næsta fiskveiðiári. Flestum er ljóst, að af einhverjum ástæðum hefur okkur algjörlega mistekist að byggja upp fiskistofna okkar þrátt fyrir áratuga stjórnun fiskveiða.

Það eru ef til vill ekki margir sem gera sér ljóst, að Sigurjón Þórðarson alþingismaður og Sigurjón Þórðarson Hegranesgoði eru einn og sami maðurinn. Því var ekki úr vegi að taka Sigurjón tali og kynna skoðunum hans. Skoðunum sem ekki falla alls staðar vel í kramið.

– Nú varst þú lítt þekktur stjórnsmálaumaður þegar þú tókst sæti á Alþingi. Hver var aðdragandi þess að þú tókst 2. sætið á lista Frjálslynda flokksins við síðustu kosningar?

„Ég hafði starfað ótulla í Frjálslynda flokknunum frá stofnun hans. Ég var kannski lítt þekktur sem stjórnsmálaumaður en nokkuð þekktur myndi þar sem ég starfaði um langt skeið sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins á Norðurlandi vestra. Ef til vill hefur það að einhverju leyti ráðið úrslitum um að Guðjón Arnar Kristjánsson og aðrir í

forystusveit flokksins treystu mér til þess að skipa 2. sæti á lista Frjálslynda flokksins á Norðurlandi vestra. Þetta segir sína sögu um góðan málstað Frjálslynda flokksins, að lítt þekktur og lítt reyndur stjórnsmálaumaður nái kjöri á þing. Ég reyni því mitt ýrasta til þess að standa undir þessu trausti kjósenda flokksins.“

## Góður vinnustaður en 19. aldar starfstími

– Hvernig hefur Alþingi komið þér fyrir sjónir sem vinnustaður?

„Alþingi er fínn vinnustaður og þar vinna mjög margir hæfir og í alla staði góðir starfsmenn.“

– eru störf þar nægilega markviss og eru mál rædd þar nægilega vel?

„Ég tel augljóst að það er nauðsynlegt að fara starfstíma Alþingis til nútímans en núverandi starfstími miðast við samgöngur og bændasamfélag 19. aldar. Einnig þarf að auka rétt þingmanna til þess að fara fram á rannsókn mála. Augljóst er að það er full þörf á að fara til hlítar ofan í saumana á spillingarmálum í tengslum

við einkavinavæðingu og tengsl forsætisráðherra við hana.“

– Þú hefur nokkrum sinnum lent upp á kant við forseta Alþingis. Er það vegna reynsluleysis þíns sem þingmanns eða er þar við stjórnunaraðferðir forseta að sakast?

„Ég hef eins mikla reynslu og á annan tug þingmanna, sem tóku sæti í fyrsta sinn á Alþingi eftir síðustu kosningar. Ég tel miklu líklegri skýringu á hnútkasti mínu við þingforseta þá, að ég hef meiri reynslu en margir nýliðarnir af störfum í opinberri stjórnarsýslu. Ég hef því samþurð á því sem ég kalla eðlilega og sanngjarna fundarstjórn og því sem ég kalla gerræðislega stjórnarhætti. Ég hef einfaldlega ekki setið þegjandi undir þessum stjórnarháttum. Ég hef reynt að gera það með kurteisum en þó ákveðnum hætti.“

## Eins máls flokkur?

– Frjálslyndi flokkurinn hefur átt undir högg að sækja í fjölmiðlum, þ.e. að ýmsir fjölmiðlamenn telja hann eins máls flokk. Er það rétt, og ef svo væri, er það réttlætlanlegt að víkja þingflokki til hliðar vegna þess?

„Flokkurinn lætur sig öll þjóðmál varða. Það vita þeir mætavel sem fylgjast með störfum Alþingis, þar á meðal allir fjölmiðlamenn. Einstaka fjölmiðlamaður spilar þó ítrek að þessa plötu, svo sem Egill Helgason. Ég tel að þetta sé ákveðið áhyggjuefni og þá sérstaklega fyrir viðkomandi fjölmiðla, svo sem Stöð 2, að draga, að því er virðist vísvit-

andi, upp ranga mynd af einu stjórnsmálaafli sem á fulltrúa á þjóðþingi Íslendinga. Ég tel að ástæðan fyrir þessu sé sú, að Frjálslyndi flokkurinn hefur talað óhikað fyrir málefnum landsbyggðarinnar og rætt af einurð og þekkingu um sjávarútvegsmál. Margir af stærstu fjölmiðlum landsins eru mjög Reykjavíkurmíðaðir eða þá að þeim sem þar halda um stjórnartauma hugnast ekki að ræða ranglútt kvótakerfi.“

## Uppbygging fiskistofnanna

– Nú hefur þú talsvert látið uppbyggingu fiskistofnanna til þín taka og m.a. kynnt þér málín í öðrum löndum. Hver er að þínu mati helsta ástæða þess að okkur tekst ekki að byggja upp fiskistofna eins og ætlunin hefur verið?

„Ég tel að í sjálfu sér megi setja ákveðið spurningamerki við hugtakið „að byggja upp“ fiskistofna. Ég er líffræðingur og átta mig ekki á þessu hugtaki, sem virðist að einhverju leyti ganga út á að með stærri hrygningarfisni fái stórir meiri nýliðun. Staðreyndin er sú, að ekki eru til nein vísindaleg gögn sem sýna fram á að það sé jákvætt samband milli mikillar nýliðunar og stórs hrygningarfisni.“

Á hinn bóginn má út frá gögnum frá Færeyjum og víðar sjá augljóst öfugt samband milli stórs hrygningarfisni og nýliðunar. Stór hrygningarfisni leiðir af sér litla nýliðun, og öfugt, lítill hrygningarfisni gefur af sér mikla nýliðun. Þetta má vel skýra út á þann hátt að þegar mikið er af fiski

fyrir, þá er bæði minna af æti til skiptanna fyrir nýliða og meira um afrán eldri þorsks á smáum fiski sem er að koma inn í veiðina. Til einföldunar má líkja hafinu við tún sem er fullbeitt, en á meðan svo er, þá er ekki hægt að bæta við gripum inn á túnið.“

– Nú hefur þú átt töluvert samstarf við Jón Kristjánsson fiskifræðing. Hans skoðunum hefur vægast sagt verið illa tekið hér heima og stundum hefur maður á tilfinningunni að reynt sé að þegja þær í hel. Hvernig stendur á því?

„Ég var fyrir skömmu á ferð með Jóni Kristjánssyni í Færeyjum. Við hittum þar forvígismenn sjómanna og útgerðarmanna og greinilegt er að hann hefur áunnid sér traust í Færeyjum. Kenningar Jóns byggja á því að líta til líffræðilegra þátta og gera ráð fyrir þeirri staðreynd, að fæða fiska takmarkar vöxt fiskistofna. Nýlega fékkst styrkur frá Evrópusambandinu til þess að fara í rannsóknir við Norður-Írland undir stjórn Jóns til þess að móta líffræðilegar aðferðir við stjórn fiskveiða, í stað þess að eyða öllum kröftum í talningu á fiskum eins og til dæmis er gert í togararalli. Ég tel að ástæðan fyrir því að íslenskir útgerðarmenn taki kenningum Jóns Kristjánssonar ekki betur en raun ber vitni sé sú, að kvótakerfið hefur fært útgerðarmönnum framseilanleg verðmæti í formi kvóta. Kvótanum er úthlutað á þeim forsendum Hafrannsóknastofnunar, að um takmörkuð réttindi sé að ræða sem hægt sé að úthluta upp á kflógramm úr hafinu. Hafrannsóknastofn-



un er nokkurs konar kóróna kerfisins og hætt er við að það hrikti í stöðunum ef menn komast að því að í kórónunni er gler en ekki demantur.“

### Fiskifræðingar starfa aðeins hjá einni stofnun

– Er hugsanlegt að fiskifræðingar séu of einsleit stétt, að myndast hafi samtrygging menntamanna með svipaðan bakgrunn? Er það ef til vill ein af skýringunum á lánleysi okkar við uppbyggingu fiskistofnanna? Að hér fari ekki fram nægilega gagnrýnin umræða og að fiskifræðingar sem hér starfa hafi of keimlíkan bakgrunn?

„Það eru skiptar skoðanir meðal fiskifræðinga um ýmis mál. Hjá Hafró vinna hæfir vísindamenn sem eru tilbúnir að ræða augljósa galla og mót-sagnir sem eru í fiskveiðiráðgjöfinni. Það er ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd, að það er nánast eingöngu ein stofnun sem fiskifræðingar geta starfað hjá og þess vegna eiga menn óhægt um vik með að tjá sig opinberlega eða vera með efasemdir um eitt og annað sem orkar tvímælis í starfsemi Hafró.“

– Hvernig viljið þið í Frjálslýnda flokknum bregðast við erfiðleikum okkar við uppbyggingu fiskistofnanna?

„Það er nauðsynlegt að líta á samspil fæðu og vaxtar fiskistofna. Í sjálfu sér á það ekki að vera markmið að fiskistofna sé stór, heldur miklu frekar að hann gefi mikinn afla. Það ætti að vera eitt af hinum stóru áhyggjuefnum núverandi fiskveiðistjórnar, að það hefur dregið gríðarlega úr vexti þorsksins, sem þýðir að „framleiðsla“ stofnsins hefur dregist saman. Nú er öll áhersla lögð á fiskatalningu, sem er hreinn talnaleikur þar sem vísindaleg gögn eru barin til hlýðni. Sami hrygningarstofn er metinn eitt í dag og annað á morgun með annarri aðferð. Steininn tekur þó úr þegar menn fara að reikna stærð hrygningarstofns fyrir hálfri öld út frá togararalli sem hófst ekki fyrr en um miðjan níunda áratuginn. Með glænýrri aðferð Hafró er hrygningarstofninn árið 1955 rúmlega 300 þúsund tonnum minni nú en hann var reiknaður í 45 ár þar á undan.“

### Að breyta stjórnkerfi

– Nú er það algeng skoðun að ekki sé hægt að breyta núverandi stjórnkerfi fiskveiða þar sem stór hluti þeirra sem innan þess starfa hafi keypt sig inn í það dýrum dómunum. Er þetta ekki eðlileg skoðun? Er hægt að gera grundvallar-breytingar á stjórnkerfi sem verið hefur áratugi í mótn og að baki þess liggja gríðarlegar fjárfestingar?

„Ég hef ekki orðið var við að þessi skoðun sem fram kemur í spurningunni sé mjög algeng, en rétt er að henni er mjög haldið á lofti af þeim

sem eiga beinna hagsmuna að gæta. Þess ber einnig að geta, að miklu frekar hafa fjármunir runnið út úr sjávarútveginum en að fjárfest hafi verið í greininni. Það sést best á því að fiskiskipastóllinn er orðinn gamall og skuldirnar aldrei meiri. Fyrir ábyrga stjórnsmálsmenn sem eiga að gæta hagsmuna almenningss getur þetta ekki talist eðlileg skoðun, þar sem kerfið hefur skilað helmingi minni þorskafla á land en fyrir daga þess og óumdeilt er að það hefur farið mjög illa með sjávarbygðirnar. Kerfið byggir á hagfræðiklisju þar sem líffræðileg rök eiga að gilda stundum, en oftast ekki. Meðal annars er gengið út frá því að hafsvæðið í kringum allt Ísland sé eins og eitt fiskabúr og að veiddur fiskur sé frá öðrum tekinn. Það er alrangt. Ég tel öll rök hníga til þess að lögð sé áhersla á að nýta sem flest fiskimið hringinn í kringum landið og þess vegna eigi að kappkosta að byggðirnar fái óhindrað að nýta nálæg fiskimið. Það er til dæmis fásinna að ætla að það veiðist meiri ýsa í Breiðafirði ef ýsuveiðum yrði hætt í Húnaflóa.“

– Hver eiga að þínu mati að vera næstu skrefin við hugsanlegar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða?

„Fyrsta skrefið er að koma kvótaflokkunum Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki frá völdum. Að öðrum kosti gerist ekkert. Sama dag og Frjálslýndi flokkurinn kemst í sjávarútvegsráðuneytið verða aukategundir, svo sem ýsa, steinbítur og skötuselur, teknar úr kvóta en síðan unnið að því að strandveiðiflotinn fari í sóknardagakerfi og opnað verður fyrir nýliðun.“

– Að flokknum sjálfum. Nú yfirgaf einn þingmaður ykkur á dögnum. Er að hefjast svipad ferli og gerst hefur í öðrum smærri flokkum á undanförunum árum, að þingmenn leita í aðra flokka og flokkurinn lognast smám saman út af eins og gerst hefur með flokka í þingsöggunni?

„Þeir sem ráða framtíð flokksins eru kjósendur í landinu. Við starfandi þingmenn ekki að leita eitt né neitt heldur erum sannfærðir um að stefna flokksins sé til gagns fyrir þjóðina. Flokkurinn leiðir umræðuna um baráttuna fyrir stærsta byggðamálinu, sem er baráttan gegn kvótakerfinu. Á Vestfjörðum eru nú opin sár bændi á Bíldudal og Þingeyri, þar sem framtíð stóra vinnustaða er í uppnámi. Öllu lúmskari eru áhrifin sem kvótakerfið hefur haft í að draga allan þrótt úr sjávarbygðunum með því að koma í veg fyrir nýliðun í sjávarútvegi. Jafnvel í sjávarbygðum þar sem mikill kvóti er skráður til hafnar hefur það valdið stöðnun í atvinnugreininni.“

### Sameiginlegt framboð á Ísafirði?

– Nú eru sveitarstjórnar-



kosningar á næsta ári. Með hvaða hætti hyggist þið standa að þeim? Hvað telur þú að þið erum munnið bjóða fram á mörgum stöðum?

„Ég hef það ekki í kollinum hvað það verður á mörgum stöðum en það verður að minnsta kosti í Reykjavík, í Skagafjarðarbæ og í Suðurnesjum og í einhverjum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Svo mun flokkurinn eiga nokkuð víða aðild að sameiginlegum framboðum.“

– Kæmi til greina að Frjálslýndi flokkurinn stæði að sameiginlegu framboði í Ísafjarðarbæ?

„Ég tel mikilvægt að koma núverandi meirihluta sem fyrst frá völdum í Ísafjarðarbæ. Núverandi meirihluti er oftast ekki af leiðitamar fyrir núverandi valdhafa í landsstjórninni og á erfitt með að tala skýrum rómi með hagsmunum Vestfirðinga og móti eyðibygga-

stefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Ég tel að flokksmenn á Ísafirði eigi að meta hvernig best sé að koma á sinni fyrir borð. Ég ætla samt sem áður ekki að leynd þá mati mínu, að Magnús Reynir Guðmundsson er kröftugasti sveitarstjórnarmaðurinn í Ísafjarðarbæ og þótt víðar væri leitað. Þess vegna er mjög freistandi fyrir Frjálslýnda flokkinn að vera áfram með sinn lista.“

### Af Hegranesgoða

– Aðeins að sjálfum þér. Þú hefur starfað töluvert innan Ásatrúarfélagsins. Hver voru tildrög þess að þú gekkst í þann söfnuð?

„Það er rétt að mér hafa verið falin trúnaðarstörf innan Ásatrúarfélagsins. Ég gegni nú því virðulega embætti að vera Hegranesgoði en ég hefði lengi haft áhuga á þjóðlegum

fræðum og líffsýn heiðinna manna.“

– Nú hefur Ásatrúarfélagið stundum haft á sér þá mynd að þar starfi „öðruvísi“ fólk eða jafnvel hálfskrítið fólk. Er þetta fordómar eða er fólk sem aðhyllist ásatrú öðruvísi í háttum en annað fólk?

„Þú segir það. Ég kannast alls ekki við þessa mynd sem dregin er upp í spurningunni. Í félaginu eru um þúsund manns, allar gerðir af fólki svo sem sjómenn, athafnamenn, listamenn, læknar, matvælafræðingar, lögfræðingar,

öryrkjar, verkafólk, kennarar, eldri borgarar og blaðamenn og þannig mætti lengi telja.“

– Alþingi og þjóðkirkjan eiga náð samstarf, meðal annars sækja þingmenn messu fyrir þingsetningu. Er það eðlileg vinnubrögð að þínu mati eða eigum við að stefna að aðskilnaði ríkis og kirkju?

„Það hefur aldrei truflað mig

ad sækja kirkju og ég varð þess heiðurs aðnjótandi á síðasta sjómánadag að flytja háttíðarræðuna á skemmtun í Siglufjarðarkirkju.“

---

Norðvesturkjördæmið er mjög stórt. Það var áhyggjuefni manna þegar nýrri kjördæmaskipan var komið á, að landsbyggðarkjördæmin væru of stór. Ekki veit ég hver skoðun þingmanna kjördæmanna er eftir þessi fyrstu tvö ár þessarar skipunar. Hitt er ljóst, að þingmenn þessara kjördæma eru stöðugt á ferð og flugi. Í það minnsta tíundi þingmaður Norðvesturkjördæmis. Því fékk blaðamaður að kynna meðan þetta viðtal var í smíðum. Þann tíma fór þingmaðurinn enda kjördæmisins á milli og það oftast en einu sinni. Hann liggur heldur ekki á skoðunum sínum enda ekki kosinn til þess.

– Halldór Jónsson.



# Vel heppnaðir Dýrafjarðardagar

Sumarhátíðin Dýrafjarðardagar var haldin um helgina og heppnaðist vel að sögn aðstandenda. „Dýrafjarðardagar gengu ótrúlega vel og fólk hafði orð á því hve ánægt það var með hátíðarhöldin. Mikið af brottfluttum Þingeyringum komu sérstaklega fyrir hátíðina og einnig var mikið af ferðafólki á staðnum“, segir Guðrún S. Bjarnadóttir, formaður undirbúningsnefndar.

Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar setti hátíðina í garðinum Skrúði á Núpi í Dýrafirði á föstudag. Að setningu lokinni minntist séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir komu séra Sigrýggis Guðlaugssonar að Núpi fyrir 100 árum. Þá var komið að tónleikum með hljómsveit-

inni Appolo í félagsheimilinu á Þingeyri. Á miðnætti opnuðu listamennirnir Dagrún Matt-híasdóttir og Signý Oddsdóttir sýningu á verkum sínum í Hallargarðinum á Þingeyri.

Sannkölluð hátíðarstemning ríkti í bænum á laugardag og á sunnudag en þá var boðið upp á fjölbreytta skemmtidag-skrá. Meðal annars var farið í sjóstangaveiðiferðir, veiðikeppni, siglingar með björgunarsveitinni á Þingeyri, á tónleika með South River Band og gengið um söguslóðir Gísla Súrssonar. Þá var boðið upp á basar og veitingar í sölutjöldum, trampólín og hoppukastala, tónlist harmonikkuleikara og ferð á slóðir Gísla Súrssonar. Hápunktur hátíðarinnar var strandveisla á útivistarsvæð-



inu á Þingeyrarodda á laugardagskvöld þar sem kveitur var varðeldur og grillað fyrir

fjöldann. „South River Band gerði stormandi lukku og svo tók stórhljómsveit Ásgeirs við

og var dansað fram eftir nóttu“, segir Guðrún. Meðfylgjandi myndir frá hátíðinni tóku Páll

Önundarson og Steinar R. Jónasson. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is.



● Sælkeri vikunnar · Páll Önundarson á Flateyri

## Einfalt á grillið

Sælkeri vikunnar býður upp á maríneraðar kjúklingabringur og stökkar kartöflur sem er einföld og góð uppskrift fyrir grillið. Með máltíðinni mælir Páll að bera fram hreint hrásalat og skola öllu saman niður með miklu magni af rauðvíni. Í eftirrétt stingur Páll upp á góðu kaffi og koníaki.

### Maríneraðar kjúklingabringur

Kjúklingabringur  
Fillippo Berio olive oil

Salt  
McCormick Seasoned pepper blend  
McCormick garlic and parsley  
Rauðvínssósa

Blandið saman Fillippo Berio olive oil, salti, McCormick Seasoned pepper blend og McCormick garlic and parsley. Látið kjúklingabringur liggja í olfunni í um 3 daga. Að því loknu eru þær tilbúnar á grillið. Berið fram með rauðvínssósu og hellið út í hæfilega miklu magni af rauðvíni.

### Stökkar kartöflur

Stórar kartöflur  
Salt  
McCormick Seasoned pepper blend

Sjóðið kartöflurnar í potti, látið kólna og skerið svo í þykkar sneiðar. Stráið salti og McCormick Seasoned pepper blend yfir þær, og skellið þeim smástund á grillið til að fá stökka húð á þær.

Ég skora á Sigránu Svanhvíti Óskarsdóttur á Flateyri að verða næsti sælkeri vikunnar.





Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

# Geir úttekt á stjórnunarháttum innan MÍ

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að höfðu samráði við Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, að unnin verði úttekt á stjórnunarháttum og samskiptum innan skólans. Bæði Ólína og Ragnar Hall, lögmaður Ingibjargar Ingadóttur, enskukennara við skólann, eru sátt við niðurstöðu ráðuneytisins. Ólína segist vona að með þessu náist sættir í þeim deilum sem staðið hafa yfir að undanförmu í skólanum og að

hún verði hreinsuð af þeim ásökunum sem settar hafa verið fram.

Málið kom til kasta menntamálaráðuneytisins fyrir stuttu þegar lögð var fram stjórn-sýslukvörtun af hálfu Ingibjargar Ingadóttur, enskukennara við skólann, vegna ákvörðunar skólameistara um að láta óháðan aðila fara yfir próf sem Ingibjörg lagði fyrir í vor. Sú ákvörðun verður afturkölluð og mun mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðu-

neytisins fara yfir prófin í staðinn.

Ráðuneytið hefur óskað eftir því við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að stofnunin vinni úttektina og að sögn Guðmundar Árnasonar, ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, verður hún unnin í ágúst og september. Lögmanni Ingibjargar var tilkynnt um þessa ákvörðun með bréfi í síðustu viku.

Ólína segist vona að málinu ljúki í kjölfar þess að úttektin



verði unnin og bætur við að fullt samráð hafi verið milli hennar og menntamálaráðuneytisins. „Ég er mjög þakklát fyrir að ráðuneytið láti kanna hvað sé hæft í ásökunum Félags framhaldsskólakennara í minn garð, sem hafa verið ósanngjarnar og ómálefnalegar,“ segir Ólína.

Guðmundur segist vænta þess að stjórn-sýslukvörtunin falli niður í kjölfar þessarar ákvörðunar. Kvörtunin tók til fleiri atriða en prófyfirferðar og var meðal annars einnig

**Menntaskólinn á Ísafirði.** kvartað yfir einelti skólameistara í garð kennara og mun Félagsvísindastofnun kanna það mál, að sögn Guðmundar. Hann tekur það fram að ráðuneytið véfengi ekki rétt skólameistara til að fara yfir verk undirmanna sinna. „Þess vegna er ekkert við það að athuga að hún hafi skoðanir á því hvernig prófmati er háttað,“ segir Guðmundur og bætur við að það sé í samræmi við eftirlitskyldur ráðuneytisins að taka þessar prófurlausnir til skoðunar.

Ragnar Hall, lögmaður Ingibjargar og Félags framhaldsskólakennara, segist vera sáttur við ákvörðun ráðuneytisins. „Mér sýnist að þessi stjórn-sýslukvörtun hafi verið tekin til meðferðar með málefnalegum hætti, og að úttektin sé rökrétt framhald,“ segir hann og reiknar með að ráðuneytið taki frekari ákvörðun í málinu þegar úttektin liggja fyrir. Hann segir að málinu sé lokið hvað yfirferð á prófurlausnum Ingibjargar varðar, en ekki varðandi skólastarfið í heild.

## Illmögulegt að vita hvort niðurstöðurnar koma fyrir sjónir almennings

Erfitt ef ekki ómögulegt er að fá upplýsingar um hvort og þá með hvaða hætti niðurstöður úttektar á stjórnunarháttum og samskiptum innan Menntaskólans á Ísafirði koma fyrir sjónir almennings þegar þær verða tilbúnar, líklega í október. Eins og sagt hefur verið frá var í kjölfar bréfs Ragnars H. Hall lögmanns Félags framhaldsskólakennara ákveðið innan menntamálaráðuneytisins að fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera slíka úttekt. Þá barst ráðuneytinu bréf undirritað af 24 starfsmönnum Menntaskólans, núverandi og fyrrverandi, sem allir hafa starfað undir núverandi skólameistara þar sem fram koma alvarlegar áskanir á hendur skólameistararnum og skorað er á ráðuneytið að blanda sér í málið. Degi síðar barst ráðuneytinu 25. undirskriftin og samkvæmt heimildum blaðsins eru fleiri á leiðinni.



Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Ísafirði, skorum á menntamálaráðherra að hún ráði tafarlaust bót á því alvarlega ástandi sem ríkir hér í skólanum vegna stjórnunarháttanna og framgöngu skólameistara í garð margra starfsmanna skólans.

Félag framhaldsskólakennara hefur sent stjórn-sýslukvartanir til menntamálaráðuneytisins vegna þessa og margfítukað farið fram á að ráðherra og ráðuneytið grípi tafarlaust í taumana. Hvorki trúnaðarmenn né stjórnir kennarafélags skólans hafa getað komið málum til betri vegar í skólanum vegna erfiðra samskipta við skólameistara eða sinnt störfum sínum vegna afskipta hennar af þeim.

Við drögum stjórnunarvald skólameistara ekki í efa. En góður stjórnandi setur reglur, leiðbeinir starfsmönnum og verndar þá. Hann verður jafnframt að vera meistari í mannlegum samskiptum og öðrum góð fyrirmynd. Ekkert af þessu á við um stjórnunarhætti skólameistarans á Ísafirði og samskipti hennar við starfsmenn skólans.

Skólameistari skirrist ekki við að beita stjórnunarvaldi

sínu sem elur af sér þrjúgandi andrúmsloft og einelti. Skólameistari dregur starfsmenn í dílka eftir því hvort hún telur þá vera í hennar liði eða ekki og notar stjórnunarvald sitt sem svipu í garð þeirra sem hún telur að vilji ekki una stjórnunarháttum hennar möglunarlaust. Stjórnunarhættir skólameistara, þær aðferðir sem hún notar til að beita valdi sínu og ofstopafullar atögur hennar að einstökum starfsmönnum hafa þann tilgang einan að bola þeim úr starfi sem eru henni ekki að skapi og að hafa aðeins þá í kringum sig sem hún hefur velþökun á.

Framhaldsskólar eru opinberar stofnanir sem verða að fullnægja kröfum um vandaða stjórn-sýsluhætti, bæði inn á við og gagnvart öðrum. Þetta á bæði við um stjórnendur þeirra og starfsmenn. Skólameistarar bregðast skyldum sínum þegar þeir refsa starfsmönnum sínum fyrir það eitt að gagnrýna stjórn-sýslu þeirra með mál-efnalegum hætti og fyrir það að tjá skoðanir sínar. Fundurinn vill ekki trúna þá að menntamálaráðherra ætli að láta framgöngu skólameistara Menntaskólans á Ísafirði gagnvart starfsmönnum átölulausa þegar fyrir liggja sig fjölmörg skjalfest dæmi um hana og sem bæði ráðherranum og embættismönnum hennar er fullkunnugt um.

Fundurinn skorar á menntamálaráðherra að hún grípi tafarlaust í taumana og ráði bót á þeim alvarlegu aðstæðum sem ríkja í skólanum. Fundurinn óskar jafnframt eftir því við ráðherra að hún gæti trúnaðar við þá starfsmenn skólans sem ritað hafa nöfn sín undir þessa ályktun.“ – halfdan@bb.is



## Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

<p><b>TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL</b> Hafnarstræti 1 – Ísafirði Sími: 456 3244 Fax: 456 4547 Netfang: eignir@tg.is Helmasíða: www.tg.is</p>	<p><b>Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!</b></p>	
<p><b>Einbýlishús/raðhús:</b></p>	<p><b>Aðalstræti 26a:</b> 108 m<sup>2</sup> 4ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.</p> <p><b>3ja herbergja íbúðir:</b> <b>Stórholt 7:</b> 74 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýli, þvottahús er í íbúð. Verð 5,5 m.kr.</p> <p><b>2ja herbergja íbúðir:</b> <b>Hlíf 2 – íbúð 306:</b> 50 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúð á 3. hæð á Hlíf 2, snýr að Seljalandsvægi. Verð 6,5 m.kr.</p>	<p><b>Aðalgata 16:</b> 184 m<sup>2</sup> einbýlishús í sumarbyggð Súdavíkur. Verð 5,5 m.kr</p> <p><b>Túngata 10:</b> 177 m<sup>2</sup> einbýlishús í sumarbyggð Súdavíkur. Verð 7,5 m.kr</p> <p><b>Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:</b> <b>Thai Koon:</b> 63 m<sup>2</sup> nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast</p>
<p><b>Seljalandsvægi 12:</b> 145 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum á góðum stað í bænum. Verð 6,8 m.kr.</p> <p><b>Bakkavegur 8, Hnífsdal:</b> 182 m<sup>2</sup> steinsteipt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.</p> <p><b>4-6 herbergja íbúðir:</b></p>	<p><b>Urðarvegur 78:</b> 77 m<sup>2</sup> stór íbúð á 3. hæð f. miðju ásamt geymslu. Gott útsýni yfir bæinn. Verð 5,9 m.kr.</p> <p><b>Pólgata 4:</b> 76 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Tilboð óskast</p> <p style="text-align: center;"><b>Súdavík:</b></p>	<p><b>Eyrardalur 2:</b> Falllegt 138 m<sup>2</sup> álklaett einbýlishús með 62 m<sup>2</sup> stórum bílskúr og grónum garði. Verð 22 m.kr</p>

**Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: [www.tg.is](http://www.tg.is)**



## Smáauglýsingar

Átta mánaða gömul Border Collie tók þarfnast nýrrar fjölskyldu vegna flutninga. Uppl. í síma 456 0150 og 861 3248.

Til sölu er Audi A4, árg. 1996. Lúxusbíll í toppstandi, ekinn 135 þús. km. Silfurlitaður með spoiler. Verð kr. 800.000. Uppl. í síma 846 7487.

Óska eftir 3ja sæta sófa, gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 0139.

Vantar íbúð á leigu á Ísafirði frá 1. ágúst. Lágmark 3. herb. Erum að flytja í bæjarfélagið úr Reykjavík. Uppl. í síma 899 0096.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á eyrinni á Ísafirði. Laus 1. júlí. Uppl. í síma 895 7151.

Til sölu er Zetor 7745 dráttarvél árg. 1987 í toppstandi. Uppl. í síma 456 8257.

Til leigu er sumarhús á Fljót-dalshéraði. Stendur á fallegum stað úti í sveit. Margt að skoða. Veiddagur fylgir hverri viku. Lausar vikur í ágúst. Uppl. í síma 471 3034.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 96, sjálfskiptur. Nýskoðaður. Uppl. í síma 895 0475.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 93, ekinn 147 þús. km. Verð kr. 250 þús. Góður bíll. Uppl. í síma 896 2824.

Til sölu er eins manns rúm. Selst ódyrt. Uppl. í síma 893 3642.

Til sölu er svefnsofi. Upplýsingar í síma 456 3592.

Tvær innihurðir í karmi með texspón og skrármást gefins. Einnig tímaritið Heima er best, 45. árgangur. Nánari upplýsingar í síma 899 0719.

Til sölu eru ný 15" nagladekk á felgum. Uppl. í síma 696 2174.

Til leigu er bílskúr að Hlíðarvegi 9. Uppl. í síma 696 2174.

Til sölu er Canon EOS D-60 stafræn myndavél, 6 megapixel með mótordrive. Uppl. gefur Sigurjón í síma 892 5362.

BB - Smáauglýsingar

## Kirkjustarf

**Hnífsdalskapella:** Messa sunnudaginn 11. júlí kl. 11:00. Prestur er sr. Magnús Erlingsson.

**Holtskirkja:** Kvöldbænastund föstudaginn 8. júlí kl. 22:00.

**Flateyrarkirkja:** Kvöldguðsþjónusta með léttum söng sunnudaginn 10. júlí kl. 20:30.



Þrír efstu í meistaraflokki karla. F.v. Magnús Gíslason (2), Magnús Jónsson (1) og Jóhann Króknes Torfason (3). Myndir: Grétar Sigurðsson.

## Magnús Jónsson Vestfjarðameistari í golfi

Magnús Jónsson, Golfklúbbi Bíldudals, sigraði í meistaraflokki á Vestfjarðamótinu í golfi sem haldið var á golfvöllinum á Bíldudal um síðustu helgi. Magnús fór holurnar 36 á 152 höggum. Annar varð Magnús Gautur Gíslason, Golfklúbbi Ísafjarðar á 153 höggum og þriðji var Jóhann Króknes Torfason (GÍ) á 155 höggum eftir bráðabana við tvo aðra keppendur.

Í 2. flokki karla sigraði

Skjöldur Pálmason (GP) á 171 höggi, annar varð Jakob Ólafur Tryggvason (GÍ) á 178 höggum og þriðji varð Guðjón Helgi Ólafsson (GÍ) á 198 höggum. Arnar Þór Arnarsson (GBB) sigraði í þriðja flokki karla á 189 höggum, Viðar Örn Ástvaldsson (GBB) varð annar á 190 höggum og Helgi Gíslason (GBB) varð þriðji á 192 höggum.

Björg Sæmundsdóttir (GP) sigraði í kvennaflokki á 188

höggum, önnur varð Thelma Kristinsdóttir (GP) á 190 höggum og þriðja varð Bára Pálsdóttir (GP) á 194 höggum. Í öldungaflokki urðu Ísfröðingar í þremur efstu sætum. Ingi Magnfredsson sigraði á 158 höggum, annar varð Finnur Magnússon á 177 höggum og þriðji varð Tryggvi Guðmundsson á 181 höggi.

Alls tóku 42 golfarar þátt í mótinu og var veður til keppni með besta móti.



Þrír af ísfrsku keppendum á mótinu. F.v. Kristinn Kristjánsson, Berglind Óladóttir, kylfusuveinn Kristins, Einar Valur Kristjánsson og Jóhann Torfason.



Þrír efstu í 2. flokki. Frá vinstri: Guðjón Helgi Ólafsson (3), Skjöldur Pálmason (1) og Jakob Tryggvason (2).



Þrír efstu í 3. flokki. Frá vinstri: Viðar Örn Ástvaldsson (2), Arnar Þór Arnarsson (1) og Helgi Gíslason (3).



Þrjár efstu í kvennaflokki. Frá vinstri: Thelma Kristinsdóttir (2), Björg Sæmundsdóttir (1) og Bára Pálsdóttir (3).



Ingi Magnfredsson (tv) sigraði í öldungaflokki og Finnur Magnússon varð annar. Á myndina vantar Tryggva Guðmundsson sem hafnaði í þriðja sæti.

## STAKKUR SKRIFAR

## Einkaframkvæmd í vegagerð

Nú stendur ekki á úrræðum til þess að byggja vegi og grafa göng. Lausnin heitir einkaframkvæmd. Hún getur verið góð svo langt sem hún nær, en vert er að hafa í huga að áður en yfir lýkur greiðir einhver fyrir verkið. Eðlilegast er jú auðvitað, að það sé notandinn. Gott og vel, en gerir hann það ekki nú þegar með þeim gjöldum sem lögð eru á bensín og díselolíu og renna skulu til vegagerðar? Svarið er einfalt, jú hann gerir það. En hvers vegna þarf þá einkaframkvæmd? Svarið hlýtur að vera einfalt. Vegna þess að ríkið, sem hefur tekið að sér vegagerð á Íslandi, vinnur ekki nógu hratt í þessum efnunum til að íbúar og þeir sem nota vegina séu sáttir við árangurinn. Ber þá ekki að athuga hvort rétt sé að bensín- og olíuskatturinn renni til þeirra sem treysta sér til að leggja vegi, byggja brýr og grafa göng jafn vel eða betur en ríkið?

Leið ehf. í Bolungarvík, einkahlutafélag sem rekið er af sýslumanni í Bolungarvík ætla að láta fara fram umhverfismat á hugsanlegum vegum um Arnkötuldal úr Strandasýslu í Búðardal. Ber að fagna framtakinu, enda er ekki ætlað fé til þessa vegar í bráð. Samtök eru komin upp um jarðgöng undir Vaðlaheiði og hyggjast þau vinna hratt að því að tengja Þingeyjarsýslur og Eyjafjörð með þessum hætti. Fagnaðarefni, ekki satt? Svo sannarlega er hægt að svara spurningunni játandi. Enn stendur eftir grundvallarspurningin. Hefur ríkinu mistekist að standa undir skyldum sínum varðandi samgöngu-

mannvirki eða er um ópolinmæði að ræða hjá okkur almenningi í þessu góða landi?

Svarið er auðvelt og sennilegt að við séum ópolinmóð. Aðrar samgöngur hafa breyst mikið og siglingar með ströndum Íslands heyrna nánast sögunni til. Flug innanlands hefur einnig breyst mjög. Nú er flogið á þrjá flugvelli á Vestfjörðum samkvæmt áætlun, Ísafjörð, Bíldudal og Gjögur. Fyrir áratug var flogið á tvo í Strandasýslu, fjóra norðantil á Vestfjörðum, tvo í Barðastrandasýslu, auk mikils flugs innan Vestfjarða. Vegirnir eru nú aðal samgönguleiðin og við gerum því meiri kröfur.

Einkaframkvæmd er ágæt leið. En vegfarendur munu borga brúsann með gjöldum auk þeirra sem greidd eru af eldsneyti. Það er ekki sanngjarn, að minnsta kosti ekki meðan stóru bílarnir borga nánast það sama og þeir litlu þó þeir slíti vegunum tíuþúsund sinnum meira að sögn vegamálastjóra.

Vert er að taka umræðu um framtíð vegagerðar á Íslandi og hvort henni sé yfirleitt best borgið hjá ríkinu. Hefur ekki sýslumaðurinn í Bolungarvík sýnt með framtaki sínu að fleiri geta en ríkisstofnanir, en vegagerð er áhugamál hans og hann hefur hlotið styrki til að kanna vegstæðið í Arnkötuldal. Stór fyrirtæki kunna að hafa áhuga og getu, sem rétt er að nýta ef hagkvæmt reynist.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.







# mannlífíð

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
6. júlí, 189. dagur ársins 2005

**Pennan dag** árið 1946 afhentu Bretar Reykjavíkurlugvöll til Íslendinga við hátíðlega athöfn.

**Pennan dag** árið 1950 var Landsmót hestamanna, hið fyrsta, sett á Þingvöllum.

**Pennan dag** árið 1958 synti Eyjólfur Jónsson frá Reykjavík til Akraness, 22 kílómetra, á rúnum 13 klst.

**Pennan dag** árið 1987 hélt sænska rokkhljómsveitin Europe tónleika í Laugardalshöll. Á sjötta þúsund ungmenna sótti tónleikana

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 48 árum



## Laxness fordæmir vinnubrögð Kadars

„Íslenski Nóbelshöfundurinn Halldór Kiljan Laxness, sem þekktur er fyrir samúð sína með kommúnistum, hefur sent forsætisráðherra ungersku leppstjórnarinnar, Janos Kadar, skeyti þar sem hann vara kommúnistaleiðtogann við „barnalegu trausti á vinnubúðum, fangelsum og hengingum“, eins og komist er að orði í skeytinu.[...] „Skelfdur vegna tilkynninga um dauðadóma yfir tveimur ungerskum vinum og starfsbræðrum leyfi ég mér að vara ríkisstjórn yðar hágöfgi við barnalegu trausti á vinnubúðum, fangelsum og hengingum, til refsingar fyrir framkomu hugsuða og rithöfunda. Þetta er ekki aðeins skaðlegt fyrir sósíalísmann, heldur er þetta einnig þverbrot á innri lögum siðferðisins og móðgun við siðmenninguna“.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir, en úrkomulítið og bjart með köflum á norðaustanverðu landinu. Hlýtt.

### Horfur á laugardag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir, en úrkomulítið og bjart með köflum á norðaustanverðu landinu. Hlýtt.

### Horfur á sunnudag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir, en úrkomulítið og bjart með köflum á norðaustanverðu landinu. Hlýtt.

### Horfur á mánudag:

Suðlæg átt og rigning eða skúrir, en úrkomulítið.

## ● Spurning vikunnar

Ganga sumir fjölmiðlar á Íslandi of nærri einkalífi fólks?

Alls svöruðu 778. – Já sögðu 722 eða 92% – Nei sögðu 43 eða 6% – Veit ekki sögðu 13 eða 2%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.


## ● Hvað er að fréttá? • Ævar Einarsson, yfir mansavinur á Suðureyri

## Dúndurgaman á Sæluhelgi

„Á Sæluhelginni verður allt það hefðbundna í boði en auk þess slæðast alltaf nýir viðburðir með. Hátíðin hefst á fimmtudag með leikritinu Ronju ræningjadóttur í uppfærslu Hallvarðs Súganda. Þá verður nýhljómsveit á ballinu í Þurkkveru sem heitir Delta-44 en hana skipa ungir drengir frá Flateyri. Söngdúettinn Móna Lisa sem samdi

sæluhelgarlagið í ár mun troða upp Appolo á tónleikum. Síðan ætlar Helgi Þór Arason, Ídolstjarna, að mæta á svæðið en hann var kosinn bjartasta vonin í söngvarakeppni á Sæluhelginni í fyrra. Hann mun afhenda arftaka sínum Rabbabakarinn en það er farandbikar til minningar um Rafn Jónsson. Helgi hefur nú heldur betur staðið undir

væntingum okkar og hver veit nema við finnum næstu Ídolstjörnu Íslands á Sæluhelginni í ár. Ég hef heyrt að töluverður fjöldi manns ætli að koma á hátíðina og það verður dúndurgaman. Þá hef ég samið við veðurguðina og það mun vera austanátt og dúndrandi hiti alla helgina,“ sagði Ævar Einarsson, yfir mansavinur á Suðureyri.



Elvar Logi Hannesson.

# Áhorfendurnir einu mótaleikararnir

Leiklistarhátíðin Act alone var haldin á Ísafirði um síðustu helgi á vegum Kómedíuleikhússins. Hátíðin er tileinkuð einleikjum og á fjórum dögum voru sýndir tíu einleikir eftir ýmsa höfunda. Fram komu níu íslenskir leikarar auk gesta-leikara frá Króatíu. Þá voru einnig haldnir fyrirlestrar. Act alone vakti mikla athygli og þess má geta að kvikmyndafyrirtækið Digi-Film á Ísafirði ætlar að gera heimildarmynd um hátíðina.

„Fyrsta Act alone hátíðin var haldin í fyrra og hún heppnaðist framur vonum. Því ákvað ég að halda aðra hátíð að ári liðnu. Undirbúningurinn hófst strax en þó ekki fyrir alvöru fyrr en í janúar. Með fyrri hátíðinni sýndum við fram á að hægt væri að halda svona viðburð yfir sumartím-

ann. Upprunalega ætlaði ég að vera með sex einleiki í ár en þeir urðu að lokum tíu“, segir Elvar Logi Hannesson, forsvarsmaður Act alone.

– Verður hátíðin árlegur viðburður héðan í frá?

„Það er alveg á hreinu að hátíðin verður haldin aftur næsta sumar og vonandi verður hún enn víðameiri. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð bæði hjá fjárfestum sem og listamönnum. Fjölmiðlar hafa einnig tekið okkur vel. Allt þetta hefur hjálpað til við að gera undirbúninginn og hátíðina sjálfa mjög skemmtilega.

Þessir tíu einleikir eru allir mjög skemmtilegir og hafa flestir hverjir verið sýndir mjög víða. Ferðir Guðríðar er líklegast sá elsti og hefur verið sýndur út um allan heim. Það er mikill kostur við einleiki að

leikmyndin er oft einföld og tiltölulega auðvelt að ferðast með þá og setja upp hvar sem er. Það gerir okkur á Vestfjörðum kleift að sinna þessu leikhúsi sérstaklega með þessum hætti. Bæði með Act alone og einnig hefur atvinnuleikhúsið sérhæft sig í einleikjum. Enginn annar er að sinna einleikjum með þessum hætti og getum við því myndað okkur sérstöðu, sem er gott mál því engin ástæða er fyrir því að vera eins og allir aðrir.“

## Einleikjaformið mest krefjandi

„Einleikir eru að ryðja sér til rúms í íslenski leiklist. Töluvert margir setja upp á einleiki nú á hverju leikári. Helliðsbúinn var fyrsti einleikurinn til að slá í gegn og svo

fylgdi Sellófon skömmu á eftir sem ýtti enn meir undir vinsældir einleikja. Það hjálpar til við að kynna þetta leiklistarform.

– Er einleiksformið mest krefjandi í leiklistinni?

„Það er alltaf mikið mál að vinna við leikhús sama hvernig stykki það er. En ég held það sé óhætt að segja að þetta sé með erfiðari leikhúsiformunum því að í einleiknum ertu bara einn og getur ekki kennt neinum öðrum um ef eitthvað klikkar. Það er rosalega krefjandi fyrir einleikarann en maður lærir líka alveg gífurlega af því. Áhorfendurnir eru í raun einu mótaleikarar manns og allt stendur og fellur með leikaranum. Það er mikil ögrun að fást við þetta form en á móti kemur að það er einnig mjög gefandi.“



● Borgin mín · Vilborg Arnarsdóttir, forsvarsmáður fjölskyldugarðs Vestfjarða

## Yndislegt fólk á Krít

„Mig langar einna mest að fara til Ítalíu. Ég held að menningin og mannlífíð þar sé heillandi og öðruvísi en maður á að venjast. Ítalíuferð er ekkert í bigerð en maður má láta sig dreyma. Ég hef aðeins tvisvar sinnum farið til útlanda. Einu sinni til Krítar og svo til Portúgal. Ég væri alveg til í að



heimsækja Krít aftur. Ég fór þangað árið 2003 og heill- aðist af fólkinu þar. Það var alveg yndislegt og allir svo hjálpsamir. Til dæmis var ekkert mál að fá lánað í kjör- búðinni þegar maður var ekki með rétta skiptimynt þótt maður væri nýkominn. Það er alveg pottþétt að ég muni fara aftur til Krítar.“



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

## Engin lygi

Fyrir mörgum árum var afgreiðsla Flugfélags Íslands á Ísafirði á jarðhæðinni í húsi Elíasar Pálssonar við Hafnarstræti þar sem Stjórnsýsluhúsið er núna. Stórir gluggar afgreiðslunnar sneru út að Hafnarstrætinu á móti Bókhlöðunni. Oft féll niður flug til Ísafjarðar vegna óhagstæðrar vinddátar á þessum árum líkt og enn gerist. Þarna unnu á þessum tíma þeir Jón Karl Sigurðsson og Birgir Valdimarsson ásamt fleirum. Þegar flug féll niður skrifaði Jón Karl miða og setti í gluggann. Þar stóð: Ekkert flogið í dag. Seinna fékk hann bókstafi úr plasti sem voru bleyttir í vatni og raðað saman á rúðuna til þess að tilkynna Ísfríðingum sitthvað varðandi flogið. Einn daginn þegar ekki hafði verið flogið í nokkra daga sáust þeir á harðahlaupum upp Hafnarstrætið, Böövar Sveinbjörnsson rækjuverkandi og Jón Karl á eftir. Jón Karl hrópaði: Komdu með effið, helvítið þitt! Þá stóð í glugganum hjá Flugfélaginu: Ekkert logið í dag.



Birgitta (fyrir miðju) ásamt kátum stúlkum í Morranum á fyrsta götulistardegi sumarsins.

# Hörkuvinna að vera í Morranum

„Morrrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, hefur nú hafið sitt sjöunda starfsár. Morrrinn hefur nú þegar sýnt listir sínar á 17. júní og tekið á móti tveimur skemmtiferðaskipum. Næstu vikur eru þéttskipaðar uppákomum og má þar nefna móttöku skemmtiferðaskipa og leiksyningar fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar.

Frá árinu 2000 hefur Félagsskólabornum í Ísafjarðarbæ. „, segir Birgitta Birgisdóttir, leikstjóri Morrans í ár.“ –Meðal þess sem Morraliðar fást við í sumar eru götulista- dagar í miðbæ Ísafjarðar sem haldnir eru á hverjum föstudegi út júlí mánuð. „Fyrsti götulistadagurinn var haldinn á föstudag. Krakkarnir

hafa unnið tíu tíma vinnu- dag. En starfið er líka mjög gefandi. Mjög eftirsóknarvert er að komast að í Morran og voru um 30 umsækjendur í ár. Því miður komust ekki allir að sem vildu og eru nú 21 maður í leikhópnum. Sumir þeirra hafa áður unnið með Morranum og aðrir eru með í fyrsta sinn“, segir Birgitta.

Verkið ætluð við að sýna leik- skólabornum í Ísafjarðarbæ. „, segir Birgitta Birgisdóttir, leik- stjóri Morrans í ár.“ –Meðal þess sem Morraliðar fást við í sumar eru götulista- dagar í miðbæ Ísafjarðar sem haldnir eru á hverjum föstudegi út júlí mánuð. „Fyrsti götulistadagurinn var haldinn á föstudag. Krakkarnir

hafa unnið tíu tíma vinnu- dag. En starfið er líka mjög gefandi. Mjög eftirsóknarvert er að komast að í Morran og voru um 30 umsækjendur í ár. Því miður komust ekki allir að sem vildu og eru nú 21 maður í leikhópnum. Sumir þeirra hafa áður unnið með Morranum og aðrir eru með í fyrsta sinn“, segir Birgitta.

● Brennslan mín · Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Reykhólahrepps

## Alla tíð verðið hrifinn af Eivöru

Hér er listi minn yfir 10 uppáhaldslög. Þar kennir ýmissa grasa eins og sjá má.

### 1. Má solen alltid skina – Eivör Pálsdóttir

Ég er búinn að vera hrifinn af Eivöru alla tíð og ekki síst eftir að við félagar í Félagi lögfræðinga á Vestfjörðum vorum svo heppnir að kynnast henni dálítið óvænt í Færeyjum fyrir tveimur árum. Þá söng hún heila nótt fyrir okkur á flugvallarhótel í Vogum þar sem við vorum öll veðurþept. Þetta er alveg sérstaklega fallegt lag og eins og Eivör segir sjálf: „að syngja sæns-

ku er svolítið eins og að borð- a nammi“, gott tungumál fyrir söng.

### 2. The girl from Ipanema – Getz/Gilberto

Þetta er frábærlega vel gert hjá þeim félögum. Eina jazz- lagið sem hefur náð efsta sæti bandaríska vinsældalistans. Það gerðist upp úr 1960.

### 3. Murr, Murr – Mugison

Það er eitthvað við þetta lag sem snertir mig.

### 4. A-Ticket A-Tasket – Ella Fitzgerald

Ella söng þetta lag kornung inn á plötu. Þegar ég heyrði

þetta lag í fyrsta skipti var það reyndar ekki í flutningi Ellu heldur í flutningi Þórólfs Halldórssonar sýslumanns á Patr- eksfirði. Hann syngur þetta frábærlega vel og gjörkann text- ann. Ég held að Þórólfur ætti að syngja meira. En Ella gerir þetta líka vel.

### 5. Adagio í moll – Fyrir orgel og strengi eftir Albinoni.

Ef maður vill hefja hugann upp og inn á við er gott að hlýða á þetta.

### 6. Tondeleyo – Sigfús Halldórsson í flutningi Jóns Kr. Ólafssonar frá Bíldudal

Ég held að Jón sé vanmetinn

söngvari. Hann syngur þetta af mikilli einlægni og fer vel með þetta fallega lag Sigfúsar. Söng hann þetta ekki líka í kvikmyndinni Börn náttúr- unnar?

### 7. Hidden Place – Björk

Þetta er einfaldlega Björk eins og hún gerist best.

### 8. You look good to me – Oscar Peterson

Þetta lag lætur ljúft í eyrum og í því býr mikil hamingja.

### 9. Ég sjálf – Írafar

Birgitta er skemmtileg og mér finnst þetta vel gerð popp- músík.



Einar Örn Thorlacius. Mynd: Hreinn Magnússon.

### 10. Everybody's Changing – Keane

Þetta er sömuleiðis ljóm- andi góð poppmúsík.

● Stuttar fréttir

## Kaupir áhaldahús

Hreppsnefnd Súðavíkur- hrepps hefur samþykkt að selja Útgerðarfélaginu Ara ehf. fasteignina að Njarð- arbraut 14 í Súðavík. Söluverðið er 1,8 milljónir króna. Í húsinu, sem er í gamla þorpinu, hefur verið áhaldahús hreppsins. Að sögn Ómars Más Jóns- sonar sveitarstjóra er nýtt áhaldahús í byggingu á Langeyri og verður það tilbúið síðar á þessu ári. Útgerðarfélagið Ari hyggst með kaupnum stækka fiskvinnslu fyrirtækisins sem er í húsnæði sam- byggðu áhaldahúsins. Í samþykkt hreppsnefndar er sá fyrirvari settur að afhending gæti dregist til 1. desember.

## GSM sendi lokað

GSM sendum Og Voda- fone á Ísafirði, Hornafirði og á Egilsstöðum var lok- að aðfaranótt mánudags. Segir félagið, að þetta tengist nýgerðum reiki- samningi við Landssíma Íslands. Þessi ákvörðun hafi hins vegar engin áhrif á þjónustu til viðskiptavina á svæðunum. Eina breyt- ingin verði, sú að nafn Landssímans birtist á skjá GSM síma viðskiptavina í stað nafns Og Vodafone. Verðskrá fyrir viðskiptavini verður einnig óbreytt.

## Samningar á lokastigi

Samningar um sölu grunn- skóláhússins á Núpi til Eignabæjar ehf. í Garða- bæ fyrir rúmar 5 milljónir króna eru nú á lokastigi að sögn Óskars Ásgeirssonar hjá Ríkiskaupum. Eigna- bær átti næst hæsta til- boðið í húsið þegar það var auglýst til sölu í þriðja sinn síðla vetrar. Á aðili sem átti hæsta tilboðið dró það til baka. Að sögn Ósk- ars er nú að ljúka fjár- mögnun vegna kaupanna og því vonast hann til þess að hægt verði að ganga frá sölu innan tíðar.





Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

  
**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

# Kambur á Flateyri fær nýtt skip

Nýtt skip bættist í flota Flateyringa á föstudag þegar Freyr ÞH sigldi inn Önundarfjörðinn í bláfiskaparveðri. Freyr er 200 tonna stálskip með beitningavél og verður gerður út af Fiskvinnslunni Kambi á Flateyri.

„Hann verður nefndur Siggí Þorsteins í höfuðið á góðvini okkar sem forst í flóðinu árið 1995. Siggí var sjómaður í langan tíma, sat í hreppsnefnd og var formaður verkalýðsfélagsins á staðnum. Hann var mikill öðlingur í alla staði og við viljum halda nafni hans á

lofti“, segir Hinrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri Kambs.

Siggí Þorsteins verður nú tekinn í gegn og málaður. „Við ætlum að byrja að gera hann út þegar nýtt kvótaár hefst um mánaðamótin ágúst - september. Búið er að ráða heimamanninn Aðalstein Rúnar Friðþjófsson sem skipstjóra, en stýrimaður verður Ólafur Halldórsson. Áhöfnin verður skipuð 14 mönnum í það heila og lífur vel út með mannaárángingur“, segir Hinrik.

– halfdan@bb.is



Hið nýja skip „Siggí Þorsteins“ siglir inn í höfnina á Flateyri á föstudag. Ljóm: Páll Önundarson.



Þórunn Anna Elíasdóttir og Kjartan Trausti Þórisson vinna að endurbótum á járnbrautateinum í Neðstakaupstað.

## Járnbrautateinar lagfærðir í Neðsta

Unnið er að endurbótum á járnbrautateinum sem standa frá fornu fari í Neðstakaupstað á Ísafirði. „Þau hafa verið fjögur frá Vinnuskólanum að aðstoða Bygðasafnið við að lagfæra járnbrautarteinana frá því á mánudag, það þurfti að skipta um spýtur sem voru

orðnar lúnar, mála og slíkt“, segir Þórunn Anna Elíasdóttir hjá Bygðasafni Vestfjarða. Neðstikaupstaður er elsta húsabyrping landsins og standa þar fjögur hús frá 18. öld. Þar var einnig Ásgeirsverslun, langöflugasta verslun- og útgerðar fyrirtæki

landsins á sínum tíma. Fyrir fáum áratugum átti að rífa þessi hús en áhugamenn afstýrðu því og hafa þau verið gerð upp og endurbyggð eitt af öðru. Sjóminjasafnið er í Tumhúsinu og búið er í Faktors húsinu og Krambúðinni. – helma@bb.is



Eigendur Kambs, Ingibjörg Kristjánsdóttir og Hinrik Kristjánsson, Aðalsteinn Rúnar Friðþjófsson skipstjóri og hjónin Hildur Halldórsdóttir og Steinþór Bjarni Kristjánsson sem einnig eru eigendur Kambs.

Þau ráku upp stór augu hjónin Guðrún Guðmannsdóttir og Bjarni Jóhannsson þegar þau voru á ferð um Arnarfjörð á laugardag. Þegar þau voru við bæinn Hrafnabjörg við vestanverðan fjörðinn sáu þau myndarlegan rostung sem víðraði sig á klöpp í fjörðunni. Rostungar flækjast stundum til landsins en eru ekki hér að staðaldri. Sköfgultennur þeirra geta orðið allt að einum metra að lengd en þær nota þeir til bardaga og einnig til að róta á sjávarbotni í leit að lindýrum. Fyrir viku síðan var hátíðin Bíldudals grænar haldin í Arnarfirði. Meðal annars var þá haldin fyrirlestur um skrimsl í firðinum og farið í sjóferð þar sem skrimsla var leitað. Hvert að rostungurinn hefur komið til Arnarfjarðar af þessu tilefni skal ósagt látið. – hj@bb.is



## Rostungur í Arnarfirði

# Gjaldfrjáls leikskóli í Súðavík í haust

Leikskóli í Súðavík verður gjaldfrjáls í allt að átta klukkustundir á dag frá 1. september í haust samkvæmt stefnumótun í atvinnu- og byggðamálum sem sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur samþykkt. Verður Súðavíkurhreppur því fyrst sveitarfélaga til þess að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla. Af öðrum nýmælum í stefnumótuninni má nefna að byggingalóðir verða afhentar húsbýggi-

endum að kostnaðarlausu og einnig mun sveitarfélagið greiða niður byggingakostnað.

Á laugardag fór fram í Súðavík kynning á stefnumótun Súðavíkurhrepps í atvinnu- og byggðamálum. Markmiðið með stefnumótuninni er að fjölga íbúum hreppsins um 40 á árunum 2005-2010. Auk gjaldfrjáls leikskóla og ókeypis lóða verður þeim er byggja í sveitarfélaginu greitt bygg-

ingaframlag sem nemur kr. 17.500 á hvern fermetra af íbúðarhúsnæði. Þá verður svæði ofan Langeyrartjarnar skipulagt þannig að mögulegt verði að byggja þar á næsta ári.

Hvað atvinnumál varðar er stefnt að því að bjóða atvinnurekendum og fjárfestum í sveitarfélaginu upp á rekstrar- umhverfi sem er hagkvæmara hvað kostnað varðar en al-

mennt gerist. Stefnt er að því að fjölga stöðugildum í sveitarfélaginu um tólf á árunum 2005-2010. Meðal leiða sem fara á að því markmiði er bygging 1.100 fermetra atvinnuhúsnæðis sem tilbúið verður undir atvinnurekstur í október á þessu ári. Þá verður ferðaþjónustuaðilum í sveitarfélaginu boðinn umhverfisstyrkur sem nemur 50% af álögðum fasteignagjöldum á fasteignir í B-

flokki árin 2005-2010. Þá er gert ráð fyrir að hefja leit að heitu vatni í nágrenni Súðavíkur í haust. Einnig verður bændum er kaupa mjólkurkvóta veitt framlag sem nemur um 15% af kaupverðinu. Þá mun þjónusta hafnarinnar verða 20% ódýrari en almennt gerist. Einnig verður úthlutað allt að 3 milljónum króna árlega til ársins 2010 til þeirra er hefja nýjan atvinnurekstur og skapa

störf í sveitarfélaginu. Um 30 manns voru á kynningarfundinum. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir þetta ekki í fyrsta skipti sem Súðvíkingar bjóða nýjungar fyrstir sveitarfélaga. Fyrir nokkrum árum hófst kennsla 5 ára barna í samstarfi við Grunnskólann og var það í fyrsta skipti hér á landi sem slík kennsla var boðin leikskólabornum. – hj@bb.is